

Raforkumálastjóri

JARÐBORANIR VIÐ TUNGNAÁ  
SUMARIÐ 1959

Tekið eftir dagbókum bormanna

Reykjavík, 27. jan. 1960

## KJARNATAFLA

### HOLA I

2,50 m f 5,20 m	Enginn
5,20 - - 5,40 m	-
5,40 - - 6,20 m	0,60 m
6,20 - - 6,50 m	-
6,50 - - 7,20 m	0,70 m
7,20 - - 7,60 m	0,27 m
7,60 - - 9,20 m	1,45 m
9,20 - - 9,85 m	1,35 m
9,85 - - 10,50 m	-
10,50 m f 12,90 m	1,80 m
12,90 - - 13,10 m	0,40 m
13,10 - - 13,20 m	-
13,20 - - 13,40 m	-
13,40 - - 15 m	Enginn
14 m - - 15 m	-
15 - - 20,85 m	0,45 m
20,85 - - 26 m	Sandur

### HOLA II

0,15 m f 2,10 m	1,40 m
2,10 - - 4,25 m	1,65 m
4,25 - - 5,70 m	1,23 m
5,70 - - 5,80 m	0,10 m
5,80 - - 5,90 m	0,8 m
5,90 - - 6 m	0,9 m
6 m - - 6,50 m	0,12 m
6,50 - - 8,25 m	0,55 m
8,25 m - 10,40 m	0,90 m
10,40 m f 12 m	1 m
12,40 - - 13,40 m	1,10 m
Boruð út holan f 3"	
12,40 m f 13,75 m	0,20 m
13,75 - - 17,25 m	0,70 m
17,25 - - 18,60 m	0,60 m
18,60 - - 19,85 m	0,60 m

**HOLA II (framh.)**

19,85 m f 20,40 m	0,63 m
20,40 - - 23,20 m	2,63 m
23,20 - - 26,25 m	0,22 m
26,26 - - 29,50 m	1,72 m
29,50 - - 32,65 m	2,10 m
32,65 - - 35,65 m	1,37 m
35,65 - - 37,50 m	Enginn
37,50 - - 39,80 m	10 cm
39,80 - - 40,25 m	Enginn
40,25 - - 44 m	0,13 m
44 m - - 47,50 m	0,42 m
47,50 - - 48,00 m	0,10 m
48 m - - 52,60 m	0,30 m
52,60 - - 63,00 m	0,60 m
63 m - - 70 m	0,85 m
70 m - - 72 m	Enginn
72 m - - 74 m	B.l.g.

**HOLA III**

2,60	
0,50 m f 4 m	0,55 m
4 m - - 4,60 m	-
4,60 - - 8 m	1 m
8 m - - 9,45	1,05 m
9,45 - - 11,20	-
11,20 m f 13,25 m	1,35 m
13,25 - - 14,25 m	1 m
14,25 - - 19,30 m	0,65 m
19,30 - - 21 m	0,05 m
21 m - - 23,40 m	
23,40 - - 26,50 m	1,37 m
26,50 - - 27,50 m	Enginn
27,50 - - 29,30 m	1
29,30 - - 31 m	Sma moli
31 m - - 31,40 m	Enginn
31,40 - - 32,45 m	
32,45 - - 34,10	

**HOLA III (framh.)**

34,10 m f 35,50 m	Enginn
35,50 - - 37 m	móli
37 m - - 41,60 m	0,77 m
41,60 - - 42,70	0,30 m
42,70 - - 46,50 m	2 molar
46,50 - - 50 m	0,30 m
50 m - - 55 m	0,25 m
55 m - - 55,30 m	0,16 m
55,30 - - 65 m	1,10 m

**HOLA IV**

0,60 m f 1,60 m	Enginn
1,60 - - 3,60 m	0,30 m
3,60 - - 5,20 m	0,46 m
5,20 - - 8,25 m	0,71 m
8,25 - - 11,40 m	1,62 m
11,40 m f 12,70 m	0,53 m
12,70 - - 14,25 m	0,65 m
14,45 - - 17 m	1,45 m
17 m - - 18,70 m	1,30 m
18,70 - - 20 m	1,63 m
20,00 - - 20,65 m	0,57 m
20,65 - - 23,70 m	2,78 m
23,70 - - 25,20 m	1,17 m
25,20 - - 28 m	2,25 m
28 m - - 29,75 m	0,28 m
29,75 - - 32 m	0,53 m
32 m - - 33,90 m	0,56 m
33,90 - - 35,55 m	Enginn
35,55 - - 39,65 m	-
39,65 - - 40,70 m	0,07 m
40,70 - - 41,60 m	0,03 m
41,60 - - 43,20 m	0,05 m
43,20 - - 45,10 m	Enginn

## HOLA V

0,10 m f 0,70 m	0,30 m
0,70 - - 2 m	0,70 m
2 m - - 3,55 m	1,50 m
3,55 - - 4,45 m	0,68 m
4,45 - - 5,90 m	1,66 m
5,90 - - 7,60 m	1,60 m
7,60 - - 9 m	1,40 m
9 m - - 10 m	0,75 m
10 m - - 11,50 m	1,50 m
11,50 m f 12,70 m	Hraunaskil
12,70 - - 13,80 m	0,40 m
13,80 - - 15,25 m	0,40 m
15,25 - - 16 m	0,72 m
16 m - - 18,10 m	2,18 m
18,10 - - 19,60 m	1,02 m
19,60 - - 20 m	0,59 m
20 m - - 20,60 m	0,50 m
20,60 - - 22,15 m	1,24 m
22,15 - - 23,65 m	0,95
23,65 - - 25,20 m	1,60 m
25,20 - - 27,40 m	2,10 m
27,40 - - 29,45 m	2,14 m
29,45 - - 30,50 m	0,86 m
30,50 - - 31,90 m	Móbergs
Hraunaskil f 31,60 til 32 m	
31,90 m f 32,20 m	0,25 m
32,20 - - 35,30 m	0,22 m
35,30 - - 38 m	0,52 m
38 m - - 43 m	0,26 m

## HOLA VI

0,01 m f 1 m	0,65 m
1 m - - 4,50 m	2,40 m
4,50 - - 5,50 m	0,87 m

**HOLA VI (framh.)**

5,50 m f 6,50 m	0,63 m
6,50 - - 8,70 m	1,50 m
8,70 - - 9,70 m	
9,70 - - 10,70 m	
10,70 m f 12 m	
<b>Hraunaskil f 9-12 m</b>	
12 m f 15 m	0,60 m
15 m f 15,80 m	0,70 m
15,80 m f 17 m	1 m
17 m f 17,80 m	0,55 m
17,80 - - 19,40 m	0,50 m
19,40 - - 20,70 m	1,35 m
20,70 - - 21,80 m	
21,80 - - 23 m	1 m
23 m - - 24,60 m	1,50 m
24,60 - - 25,50 m	0,95 m
25,50 - - 27 m	1,30 m
27 m - - 28,60 m	1,50 m
28,60 - - 30,50 m	0,55 m
30,50 - - 32,35 m	1,10 m
32,35 - - 33 m	0,37 m
<b>Sennilega hraunaskil</b>	
33 m f 35 m	1,65 m
35 - - 37 m	1,65 m
37 m - - 39 m	1,65 m
39 m - - 42 m	1 m
42 m - - 47,60 m	0,75 m

**HOLA VII**

0 m f 0,70 m	0,20 m
0,70 m - 1,30 m	0,60
1,30 - - 2,70 m	0,97 m
2,70 - - 3,60 m	0,94 m
3,60 - - 5,10 m	1,60 m
5,10 - - 6,70 m	1,40 m
6,70 - - 9 m	2,17 m

HOLA VII (framh.)

9 m f 11,15 m	2,10 m
11,15 m f 12,75 m	1,05 m
12,75 - - 14,30 m	1,12
Skil frá 13,15 m f 14,30 m	
14,30 m f 15,45 m	0,84 m
15,45 - - 17,35 m	1,60 m
17,35 - - 18,10 m	1,10 m
18,10 - - 20,80 m	2,20 m
20,80 - - 22,55 m	1,08 m
22,55 - - 24,20 m	2,16 m
24,20 - - 28,60 m	1,80 m
28,60 - - 30,60 m	2,07 m
30,60 - - 31,70	Enginn
31,70 - - 32,35 m	1,77 m
32,35 - - 33,50 m	1,08
Hraunaskil 32,25 m f 33,60	
33,70 m f 37,75m	0,28m
37,75 - - 39,70 m	,17 m
39,70 - - 43,45	0,83 m
Hraunaskil f 36,60 f 37,90 m	
Sandur settist að barnum	
43,45 m f 47,60 m	3,38 m
47,60 - - 50,50 m	0,15

HOLA VIII

Sandur f 1,20 m	
1,20 m f 2 m	,30 m
2 m - 3,80 m	0,35 m
3,80 m f 5 m	Enginn
5 m - 6,20	0,12 m
6,20 m f 6,80 m	0,13 m
6,80 - - 7,60 m	3 molar
7,60 - - 8,40 m	Enginn
8,40 - - 8,50 m	3 molar
8,50 - - 9 m	0,10 m
9 m - 9,50 m	Enginn
9,50 - - 12 m	0,38 m

### HOLA VIII (framh.)

Skift um í 2" Dkr.

12 m í 15,20 m	0,30 m
15,20 m í 17,00 m	0,65 m
17 m - - 17,30 m	0,12 m
17,30 - - 18,30 m	0,10 m
18,30 - - 23,20 m	0,35 m

### HOLA IX

1,40 m í 9,50 m

9,50 m

Borað aftur með 3" Dkr.

1,60 m í 2,75 m	1,26 m
2,75 - - 3,65 m	0,68 m
3,65 - - 4,40 m	0,65 m
4,40 - - 6 m	1,42 m
6 m - - 6,60 m	0,25
6,60 - - 8 m	0,60
8 m - - 9,80 m	
9,80 - - 11,20 m	1,68 m
11,20 - - 13,20 m	1,47 m
13,20 - - 13,70 m	0,27 m

Skift yfir í 2".

13,70 - - 17,10 m	1,68 m
17,10 - - 20,15 m	1,45 m
20,15 - - 23,20 m	Enginn
23,20 - - 24,20 m	0,37 m
24,20 - - 29 m	2,14 m
29 m - - 35,40 m	2,80 m

Skift yfir í 3"

34,50 m í 35 m	0,28 m
35 m - - 36,45 m	0,83 m
36,45 - - 38,70 m	1,95 m
38,70 - - 41,50 m	2,23 m
41,50 - - 44 m	1,50 m



## HOLA X

0 m í 2 m	
2 m í 3,60 m	1,40 m
3,60 m í 5,70 m	1,65 m
5,70 m í 7,40 m	0,67 m
7,40 - - 9 m	1 m
9 m - - 11,45 m	1,73 m
11,45 - - 15,30 m	1,70 m
15,30 - - 15,60 m	0,27 m
15,60 - - 17,0 m	0,70 m
17 m - - 19,30 m	2,10 m
19,30 - - 20,60 m	1 m
20,60 - - 22,45 m	2 m
22,45 - - 25 m	2,14 m
25 m - - 27 m	2 m
27 m - - 27,70 m	50 cm leirprufa
27,70 - - 28,55 m	12 cm
Hrauneskil í 27,40 til 28,15 m	
28,55 m í 30,60 m	1 m
30,60 - - 33,10 m	2 m
33,10 - - 34,65 m	1,70 m
34,65 - - 36,70	2,06 m
36,70 - - 39 m	1,28 m

27. Janúar 1960

Hola I

*2. júlí*  
Borað var frá 0 m - 5,20 m dýpi.  
Enginn kjarni kom upp.

Borað var með 3" demantskrónu.

Aths. Sandur frá yfirborði niður í 2,5 m dýpi. Grafið var fyrir holunni og steyppt fóburrör. Þegar kom niður úr steypunni, varð fyrir sandur og hröngl og leki var mikill. Settur var einn poki af gel í holuna og minnkaði þá lekinn í bili en síðan hvarf vatnið aftur.

3" 0-16 m  
2" eftir hvarf  
Dýpi 26,0 m

Föstudagur 3. júlí.

Borað var niður á 5,4 m dýpi.

Kjarni kom enginn.

Borað var með 3" demantskrónu.

Aths. Vatnið hverfur strax fyrir neðan steypuna og var þar hröngl. Borinn gekk skrikkjótt, en síðan kom fastara berg, sem krönan vann ekki á, enda er hún gömul og mjög slitin. Steyppt var í úr einum poka af sementi.

Laugardagur 4. júlí.

Borað var niður á 6,5 m dýpi.

Borað var með demantskrónu.

Kjarni, sundurlausir molar úr þéttu hrauni, komu upp á bilinu 5,40- 6,50 m dýpi.

Aths. Þegar kom niður úr steypunni var sandur og hröngl. Vildu lausir molar festast í bornum svo hann gekk ekki niður á köflum, en gekk hratt niður á milli. Kjarni var aðeins lausir molar, kjarnalengd alls 60 cm. Vatnið hvarf strax fyrir neðan steypu. Notaður var einn poki af geli, en vatnið fékkst ekki upp aftur. Þegar hætt var að bora, var steyppt úr fjórum pokum af sementi, vikri og bréfanaplum. Hurfu þrjú poka alveg út í veggina en síðan fór að fyllast í holuna.

Sunnudagur 5. júlí.

Borað var niður á 7,2 m dýpi.

Borað var með 3" demantskrónu.

Steyppt var á bilinu 6,5 - 7,2 m dýpi.

Aths. Kjarni kom upp á bilinu frá 6,5 - 7,2 m dýpi, úr frekar þéttu hrauni. Kjarnalengd 70 cm. Engin kjarna-ryrnun. Vatnsnotkun í dag var 3000 lítrar.

Mánudagur 6. júlí.

Borað var niður á 9,20 m dýpi.

Borað var með 3" demantskrónu.

Kjarni kom á bilinu frá 7,20 - 7,60, samtals 0,26 m af kjarna. Á bilinu frá 7,60 - 9,20 kom 1,45 m af kjarna. Kjarni var frekar harður og þéttur á bilinu frá 7,20 - 9,20, en þegar að sett var niður í holuna, var tægða í holunni í 7,60 m dýpi svo ekki var annað þorandi en steypa í. Vatns-  
tap var í dag nokkuð stöðugt en ekki mikið á einum stað. Sennilega um smásprungur að ræða. Heildarvatnstap í dag

var 5000-6000 lítrar. Steypt var í holuna úr tapum poka af sementi.

Þriðjudagur 7. júlí.

Steypt var niður á 12,90 m dýpi.

Borað var með 3" demantskrónu.

Kjarni: frá 9,20 m til 10,50 m var kjarni 1,35 m, þétt hraun og kjarnaryrnum mjög lítil. Í 9,9 m dýpi kom upp mjög dökkt skol í ca. 2 mín., en síðan gráleitt eins og víðast í holunni. Dálftill leki var á þessum kafla, en þó kom alltaf upp nokkuð skol. Frá 10,50 í 12,50 m dýpi var sama jarðlag, en nokkuð meiri leki. En frá 12,50 til 12,90 var lausara fyrir og borinn gekk ójafnt.

Miðvikudagur 8. júlí.

Borað var niður í 15,0 m dýpi.

Borað var með 3" demantskrónu.

Frá 12,90 til 13,40 m dýpi var kjarni 0,4 m, hraunmolar, sem vildu festast í bornum svo hann gekk mjög illa. Kjarnaryrnum 0,10 m. Í 13,50 m dýpi fór borinn að ganga hratt niður og í 13,60 m dýpi kom upp dökkbrúnt skol. Virðist vera úr móbergi. Kjarni var enginn frá 13,40 í 15 m dýpi.

Steypta varð í holunni frá 8 m í 12,99 metra, en holan var lek fyrr ofan 8 m svo við töpuðum öllu vatni. Reyndum að nota gel í vatnið, en það kom ekki að haldi. Klukkan 15 hrærdum við gel út í vatnið, svo það varð þykkur greitur, og helltum holuna fulla. Eftir það kom nokkuð af vatninu upp aftur. Vatnsnotkun var um 15000 lítrar. Tekið skal fram, að krónan, sem við höfum, er mjög léleg og vatnaskortur hefur tafið okkur í dag.

Fimmtudagur 9. júlí.

Í dag miðaði holunni ekkert áleiðis.

Notuð var 3" demantskróna.

Sandur er undir hrauninu, sem vatnið skolar burt og myndar skáp í holuna. Holan stóð 15 m. Við settum borinn niður í 14 m og dældum niður vatni. Holan hrundi saman þar fyrir neðan, þar var sandur. Borað var í 15 m dýpi, en fengum upp sand í kjarnarör. Holan stóð í 14 m dýpi. Steyptum úr einum poka af sementi, en vatnið hækkaði lítið. Sótt var meira vatn og steypt úr öðrum poka og þá kom steypan upp. Krónan er ónýtt, hún fór alveg, þegar hún kom í sandinn.

Þrestudagur 10. júlí.

Borað var niður í 20,8 m dýpi.

Notuð var 3" demantskróna niður í 16 m dýpi, en 2" demantskróna eftir það.

Í 16,3 m hvarf vatnið. Borinn gekk mjög hratt niður. Í 17 m breyttist gangur borgins. Þar virðist móbergið byrja. Í 19 m hægðist gangurinn smástund, eins og borinn fari í gegnum harðan mola, en gekk svo hratt í 20 m dýpi, allt niður í 20,85, en þá stíflaðist borinn og var tekinn upp. Kjarni er úr móbergi með nokkuð hörðum basaltmolum á milli. Upp

komu 0,45 m, rýrnun 3,40 m.

Sunnudagur 12. júlí.

Borað var niður á 26,0 m dýpi.

Borað var með 2" demantskrönu.

Hættum síðast að bora í 20,85 m, en holan var stífluð af sandi í 16 m. Borinn gekk hratt í 26 m, en hægði þó öðru hvoru á honum, þegar hann fór í gegnum harðari mola. Borað var með gelli og fengum við vatnið upp allan tímann. Kom upp móbergssandur. Nú er hætt við þessa holu.

Hola II

Þóstudagur 3. júlí.

Borað var niður á 2,10 m dýpi.

Borað var með 3" demantskrönu.

Kjarninn, sem kom upp, var hraun, nokkuð þétt basalt með ljósum eitlum. Kjarnalengd frá bilinu 0,15 m til 2,10 m dýpi var 1,40 m. Holan byrjaði að leka í 1,90 m dýpi. Steypt var í holuna í 2,10 m dýpi og þurfti til þess mjög lítið af sementi, eitthvað í kringum 1/2 poka.

Laugardagur 4. júlí.

Borað var niður á 5,25 m dýpi.

Borað var með 3" demantskrönu.

Kjarni, sem upp kom, var frá bilinu 2,10 m til 4,25 m. Hann er úr hrauni, frekar blöðróttu, með ljósum eitlum. Kjarnalengd 1,65 m, rýrnun 0,50 m. Kjarni kom enginn af bilinu 4,25 til 5,25. Sennilega hefur hann dottið niður, þegar hið var. Leki í holunni var frekar lítill þar til í 5 m dýpi þá hvarf vatnið. Steypt var í holuna, en það fór mjög lítið af sementi í hana, um það bil 20 lítrar af sementi og vatni. Vatnsnotkun í dag var ca. 7000 lítrar. Af gelli var í dag notað í kringum tveir poka.

Sunnudagur 5. júlí.

Borað var niður í 5,90 m dýpi.

Borað var með 3" demantskrönu.

Kjarni kom af bilinu 4,25 til 5,70 m dýpi. Lengd hans var 1,23 m, rýrnun 0,22 m. Kjarni af bilinu 5,70 til 5,80 var 10 cm og af bilinu 5,80 - 5,90 8 cm. Leki var lítill í holunni var lítill þar til í 5,90 m dýpi, þá hvarf vatnið. Vatnsnotkun í dag var í kringum 3000 lítrar.

Mánudagur 6. júlí.

Borað var niður í 8,25 m dýpi.

Borað var með 3" demantskrönu, mjög lélegri.

Hraunið í dag var mjög laust í sér. Frá 6,20 til 6,50 var hraunið sennilega opið eða fyllt með mjög losaralegu efni því borinn gekk stöðugt vaxandi viðstöðulaust í það. Vatnið hvarf í 6,20 m dýpi. Kjarni kom upp af bilinu 5,90 - 6,00 m 9 cm á lengd og frá 6,00 m til 6,50, 0,12 m á lengd. Jarðlagið frá 6,50 í 8,25 er mjög frauðkennt. Kjarni

úr þessu billi er 0,55 m. Vatnsnotkun í dag var 7000-8000 l. Steypt var úr fjórum þokum af sementi. Sett var mikið af grófum vikri í til að fylla sprungur. Demantskrónurnar, sem við notuðum, voru mjög slitnar og lélegar, enda gjörónyttust tvær í dag, svo að eftir er aðeins ein 3" króna og 1 2" króna.

Þriðjudagur 7. júlí.

Borað var niður í 10,40 m dýpi.

Borað var með 3" demantskrónu niður í 8,25 m dýpi og 2" krónu niður úr því niður í 10,40 m dýpi.

Kjarni á bilinu 8,25 til 10,40 var 0,90 m. Kjarnarýrnun 1,25 m. Kjarni sá, sem kom upp, er úr þéttu hrauni. Vatnsnotkun í dag var ca. 5000-6000 lítrar. Vatnið hvarf í 8,30 m dýpi. Hraunið var mjög freuðkennt frá 8,25 til 9,00 m dýpi, en þá harnaði það. Demantskrónurnar eru svo til þrotnar, aðeins er ein 3" króna og ein 2" króna til.

Miðvikudagur 8. júlí.

Borað var niður í 13,40 m dýpi.

Borað var með 2" demantskrónu.

Kjarni kom af bilinu 10,40 til 12 metrar, einn metri á lengd. Kjarnarýrnun 0,60 m. Þessi kjarni er úr þéttu hrauni. Af bilinu 12,00 - 13,40 kom 1,10 m langur kjarni. Rýrnun 0,3 metrar. Holan er lek í 12 m dýpi og eftir það kom ekkert vatn upp. Steypt var í holuna úr einum þoka af sementi. Vatnsnotkun var 5000-6000 l.

Fimmtudagur 9. júlí.

Ekkert var borað í dag.

Þustudagur 10. júlí.

Í dag var holan víkkuð, þ.e.s.s. hún var boruð upp með 3" demantskrónu í stað 2". Borað var niður á 12,40 m dýpi. Lekur kom í holuna í 8,50 m og var hann stíflaður með texti. Lekur kom aftur í 9,30 m dýpi. Eftir er að bora 1 m til þess að fullu dýpi 2" holunnar sé náð.

Laugardagur 11. júlí.

Borað var niður í 17,25 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu. Borinn gekk hægt niður frá 12,40 m niður í 12,75 m dýpi. Af þessu billi kom upp kjarni, 0,20 m á lengd. Rýrnun 0,15 m. Frá 13,75 til 13,90 m gekk borinn hægt niður, en frá 13,90 í 14,40 m gekk borinn alveg hindrunarlaust niður, en þá harnaði aftur og gekk hægt um 15 cm, en síðan datt borinn niður 7 cm, eftir það frá 14,65 m niður í 17,25 m gekk borinn eins og um þetta steypu væri að ræða. Kjarni á bilinu 13,75 til 17,25 er 0,70 m og rýrnun 2,80.

Sunnudagur 12. júlí.

Borað var niður í 19,85 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Kjarni kom upp á bilinu 17,25 til 18,60 m. Lengd 0,6 m. Hann er úr blábróttu hrauni. Hraunið var mjög laust í sér og gétótt. Kjarnaryrnunin er 1,65 m. Af bilinu 18,60 m til 19,85 m var kjarni 0,6 m úr mjög gétóttu jarðlagi. Kjarnaryrnun 0,65 m. Hraun var í holunni. Allt vatn, sem sett er í holuna, hverfur. Steypa var 1,50 m í holunni, en ekkert hafði steypst í aðalgötin fyrir neðan 13,90 m. Steypt var í holuna með fíbertexi og vikur og notaðar voru 6 þokar af sementi.

Mánudagur 13. júlí.

Borað var niður á 20,40 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Holan var lek strax, þegar að kom niður fyrir 13,90 m og steypan var mjög gétótt niður úr. Kjarninn, sem kom upp, var 0,63 m á lengd. Hann er úr blábróttu bergi og sprungnu. Steypan var látin þorna vel, áður en byrjar var að bora, en reyndist mjög gétótt, þegar borað var.

Þriðjudagur 14. júlí.

Borað var niður í 29,50 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu niður í 23,20 m dýpi, en 2" demantskrónu eftir það.

Á bilinu 20,40 til 23,20 gekk borinn mjög hægt niður í 21,30 m dýpi, gekk svo hratt niður í 21,80 og úr því hægt niður í 22,30 m dýpi. Hann gekk aftur hratt niður í 22,50 m og svo ennþá hægt í 23,30 m dýpi. Kjarnalengd var samtals 2,63 m, rýrnun 0,17 m. Borunin frá 23,20 niður í 26,25 gekk mjög hægt. Úr þessu billi kom kjarni 0,22 m. Kjarnaryrnun 2,83 m. Borun frá 26,25 niður í 29,50 gekk mjög hratt og jafn jafnhratt niður. Úr þessu billi kom kjarni 1,72 m úr þéttu og hörðu hrauni. Rýrnun 1,28 m. Hraun var í holunni í 18,55 m dýpi og niður úr. Reynt var að bora það með 3" demantskrónu, en það tókst ekki og hrundi alltaf aftur á sama stað. Sett var 2" demantskróna í og borað með henni. Vatnsnotkun 21000 lítrar, en samt var rúmlega þriggja klukkustunda töl vegna vatnsleysis.

Miðvikudagur 15. júlí

Borað var niður í 35,65 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Kjarni kom upp af bilinu 29,50 niður í 32,65 m dýpi. Kjarnalengd var 2,10 m. Rýrnun 0,90 m. Kjarninn er úr ljósu hrauni og mjög þéttu í sér. Á bilinu 32,65 til 35,65 m var kjarnalengd 1,37 m og rýrnun 1,63. Þessi kjarni er úr þéttu hrauni. Borinn fór niður úr hrauninu í 34,10 m dýpi. Hröngl eða sandur og mál er undir. Borinn gekk hægt en jafnt niður. Steypt var í holuna til að binda undirlagið.

Fimmtudagur 16. júlí.

Borað var niður í 37,50 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu niður í 35,65 en 2" demantskrónu úr því. Borunin frá 34 m niður í 35,60 m gekk frekar hægt. Steypan var orðin hörð. Einnig gekk borinn hægt en jafnt frá 35,65 niður í 37,50, en í 37,50 snögghætti borinn að ganga niður. Kjarni kom enginn upp. Þegar borinn var hífður upp úr 37,50 m dýpi vantaði krónuna neðan á borinn. Hæfur sennilega brotnað skrufgangur. Verkfæri var ekki til á staðnum til að fiska hana upp. Borinn var því fluttur frá holu II í holu IV í Kraunsundi 3, settur upp og gerður klár til borunar.

Hinn 18. ágúst var síðan tekið til við að dýpka holu II.

Miðvikudagur 19. ágúst.

Borað var niður í 40,25 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu. Af bilinu 37,50 til 39,80 komu upp tveir kjarnamolar úr hrauni. Í 40 m dýpi fór borinn niður úr fösatu lagi. Sandur og mál kom í 40,25 m dýpi. Þegar farið var í holuna, var í henni 0,50 m af hruni. Ekkert varð vart við 2" demantskrónuna, sem tapaðist þar við fyrri borun. Tekið var upp til athugunar, en hrun kom í holuna í 25 m og varð að bora það niður. Í 40 m dýpi kom laust drasl. Kjarni var enginn. Sett var niður og borað vatnslaut niður í 40,25 m. Kom upp sandur. Steypt var úr tveim pokum af sementi.

Fimmtudagur 20. ágúst.

Borað var niður í 47,50 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu. Kjarni af bilinu 40,25 til 47,50 var úr hrauni, lengd 0,42 m. Steypa var aðeins 0,25 frá 40 m dýpi í 40,25 m dýpi. Síðan tók við laust jarðlag, sem náði niður í 40,50 m dýpi, en þá kom fast hraun og gekk borinn hægt niður í 47,50 m dýpi.

Föstudagur 21. ágúst.

Borað var niður í 52,60 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu. Kjarni frá bilinu 47,50 til 52,60 m dýpi var úr hrauni, lengd 0,40 m. Hraunið er samfelld og þétt. Þegar kom í 48 m dýpi festist borinn vegna þess að krónan, sem tapaðist í 37,50 m dýpi, gekk inn í holuna. Við náðum borinum upp og settum niður kóniskan dór, sem gekk inn í krónuna svo hún náðist upp. Síðan var borað í 52,60 m dýpi, en þá stíflaðist borinn, svo við urðum að taka upp.

Laugardagur 22. ágúst.

Borað var niður í 63,0 m dýpi. Borað var með 2<sup>o</sup> demantskrónu.

Í dag var samfelld hraun allan daginn, en kjarninn, sem upp kom, var aðeins 0,6 m á lengd. Hann er úr ljósleitu hrauni. Borinn hefur gengið mjög jafnt niður og hvergi lent í lausu jarðlagi. Vatnsleysi er mjög til tafar.

Sunnudagur 23. ágúst.

Borað var niður í 70,00 m dýpi. Borað var með 2<sup>o</sup> demantskrónu.

Samfelld hraun var niður í 67 m dýpi, en þar kom laust jarðlag, 0,30 m, síðan þétt niður í 69,50, en þar er aftur laust jarðlag. Kjarninn, sem upp kom, er 0,85 á lengd og er frá bilinu 63,0 niður í 70 m dýpi. Hann er úr ljósleitu hrauni. Borinn gekk mjög jafnt og rólega niður, allt niður í 67 m dýpi, en síðan hratt niður um 0,30 m og fór að ganga þungt, síðan gekk hann hægt niður í 69,50 m dýpi, en þar kom niður í laust drasl, sem lagðist að bornum. Tekið var upp og steipt úr einum poka af sementi. Vatn í holunni stendur í um 47,50 m dýpi.

Mánudagur 24. ágúst.

Borað var niður í 72,0 m dýpi. Borað var með 2<sup>o</sup> demantskrónu.

Frá 70,0 til 72,0 m dýpi var stöðugt hrun á borinn, og gekk illa að ná hornum upp. Varð að draga hann upp með vökvalyftu borsins og láta hann snúast í fyrsta gir.

Þriðjudagur 25. ágúst.

Borað var niður í 78,0 m dýpi. Borað var með 2<sup>o</sup> demantskrónu.

Kjarni af bilinu 72,0 til 74,0 m dýpi var tveir molar úr bólstrabergi og virtust vera leifar af möbergi á öðrum þeirra. Holan hrynur stöðugt saman í 70 m dýpi, en verður þó lausara að bora, þegar oft er búið að fara gegnum hrundið. Úr 74,0 m í 74,50 m var borað vatnslaut, en tókst ekki að ná upp kjarna. Úr 74,50 gekk mjög hratt niður í 78,0 m. Var borað vatnslaut síðasta fetið, en enginn kjarni kom upp. Hér með lýkur holi II.

### Hola III

Mánudagur 13. júlí

Steipt var niður fóburrör fyrir holuna. Urðum að grafa sand niður í 2,60 m og steypa það upp.

3<sup>o</sup> 0-11 m  
2<sup>o</sup> after break  
dýpi 65,0 m



Þriðjudagur 14. júlí

Ekkert var borað vegna vatnsleysis.

Miðvikudagur 15. júlí.

Borað var niður í 4,60 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Steypa varð í holunni niður í 2,60 m. Síðan var sandur og laust hröngl. Kjarni kom upp af bilinu 2,60 til 4,60, 0,55 á lengd. Kjarnaryrnum 1,45 m. Þegar kom niður í 4,0 m dýpi, fór hraunið að verða þéttara, annars var það mjög sprungið og laust. Hraunmolar vildu festast í bornum og vatn hvarf strax fyrir neðan steypuna. Vatnsnotkun nálagð 3000 l. Steypt var í holuna úr 1 1/2 poka af sementi.

Fimmtudagur 16. júlí.

Borað var niður í 8,00 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Hraunið er mjög sprungið og laust. Stöðugt hrun er úr holuveggjunum. Af bilinu 4,60 til 8,00 m kom rúmlega 1,0 m langur kjarni, yrnum 3,40. Það neðsta af kjarnanum var rauðleitt hraun með hvítum dílum. Í 5 m dýpi hvarf vatnið snögglega og kom ekki upp eftir það. Borinn gekk sum stöðugt hægt, en datt niður á milli. Var ekki óhætt að bora meira vegna festuhættu. Steypt var úr tveim pokum af sementi. Vatnsnotkun var 5000-6000 lítrar.

Þrestudagur 17. júlí

Borað var niður í 11,20 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Kjarni af bilinu 8,00 til 11,20 m var 1,05 metrar. Yrnum 2,15 m. Hraunið var sprungið og laust, rauðleitt að lit. Stöðugt hrun er í holunni svo ekki er óhætt að bora meira í dag. Steypt var í holuna úr 1 1/2 poka af sementi.

Laugardagur 18. júlí

Borað var niður í 13,25 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Kjarni kom upp af bilinu 11,20 til 13,25 m, samtals 1,35 m á lengd, þ.e. engin kjarnaryrnum. Hann er úr þéttu hrauni. Holan er lek fyrir neðan steypu. Steypt var í holuna úr tveim pokum af sementi.

Sunnudagur 19. júlí.

Borað var niður í 15,40 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Kjarni kom upp af bilinu 13,25 til 15,40 m, samtals 1,0 m á lengd, þ.e. engin kjarnaryrnum. Hann er úr hrauni með smáum sprungum. Við boruðum steypuna og 1 m niður í hraunið, urðum vatnslausir og tókum upp. Þegar borinn var settur niður aftur, festist hann í sandi, sem eftir var í holunni. Reyndum að snúa honum með tóngum og fengum hann upp um nokkra centimetra, síðan reyndum við að tjakka hann upp með bíltjakk og kom hann þá upp um 10 cm, en situr þar fastur og verður ekki losaður nema með stærri tjakka.

Miðvikudagur 22. júlí

Ekkert var borað í dag vegna festu.

Fimmtudagur 23. júlí.

Ekkert borað í dag vegna festu.

Föstudagur 24. júlí.

Borað var niður í 19,80 m. Borað var með 2" demantskrónu. Við náðum kjarnabotninum úr fasta rörinu. Boruðum síðan niður úr því með 2" niður í 19,80 m, en fengum aðeins 0,65 m kjarna. Krónan, sem við notuðum, er gömul og festast í henni molar. Þó gekk borinn greiðlega niður. Kjarninn var úr hrauni, en allur í molum.

Laugardagur 25. júlí.

Borun liggur niðri vegna festu. Við náðum upp öfugunna fiskaranum úr kjarnarörinu og boruðum síðan niður á það með önytri 3" krónu til þess að reyna að slá það laust, en sandur hrínur inn í holuna úr 3-4 m dýpi. Við settum tappa úr bréfum í holuna í 4,50 m dýpi og steiptum hana svè upp úr. Í það fóru fjórir þokar af sementi.

Sunnudagur 26. júlí.

Borað var niður í 21,0 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu.

Upp kom kjarni af bilinu 19,80 til 21,0 m dýpi, aðeins 0,05 m. Hann er úr hrauni. Við boruðum steypuna úr holunni og skörkuðum með einni krónu á kjarnarörinu, sem er fast. Það virtist losna nokkuð og gekk niður um 0,26 m, en við náðum því samt ekki í kvöld. Fórum með 2" demantskrónu í 21 metra og holan er hrein þangað niður, en þar urðum við að hætta. Erum vatnslausir.

Mánudagur 27. júlí.

Borað var í 27,50 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu.

Fórum að bora með nýrri 2" demantskrónu og urðum að fræsa holuna út frá 16 m og niður í 21 m. Í 24,30 m datt borinn niður og gekk mjög hratt niður í 26,50, en hikaði þó stundum á harðari molum. Tókum úr kjarnann og boruðum 1 m í viðbót, en fengum engan kjarna. Sandur var í holunni. Urðum að hætta vegna vatnslæysis. Á bilinu 21 m til 26,50 kom kjarni af lengd 1,37 m. Hann er úr hrauni.

Þriðjudagur 28. júlí

Borun lá niðri vegna bilunar á bornum.

Miðvikudagur 29. júlí

Ekkert var borað í dag, en rör var sett niður í 18 m og dælt niður sementsblöndu til að binda sandinn í holunni. Ekkert vatn var til að bora með.

### Fimmtudagur 30. júlí

Ekkert borað í dag vegna þess að bíl vantar til að flytja vatn.

### Föstudagur 31. júlí.

Borað var niður á 29,30 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu.

Enginn kjarni kom á bilinu 27,50 til 29,30. Borinn gekk mjög misjafnt niður og hrundi á hann laust dræsl eða sandur. Þegar kom niður í 20,30 m dýpi var borinn orðinn svo þungur að þurfti að bora hann upp aftur í fyrsta gír. Við vorum vatnslausir og ekki óhætt að bora dýpra að sinni. Settum slöngu niður í 14,50 m og steiptum í holuna úr fjórum pokum af sementi.

### Laugardagur 1. ágúst.

Borað var niður í 31,0 m dýpi, með 2" krónu.

Í 14,50 var holan lokað af steini, sem bora varð í gegnum. Síðan varð hún klár niður í 23,0 m. Steypa varð í 29,30. Á bilinu 29,30 til 31,00 m kom enginn kjarni nema smámoli, sem gæti verið úr hrupi ofar í holunni. Borinn gekk skrikkjótt og laust dræsl leggst að honum, en ekki verður vart við sand að ræði. Í 31,0 m dýpi var vatnið búið, og enginn bíll hjá okkur til að aka vatni. Steypt í gegnum slöngu úr einum poka af sementi.

### Mánudagur 3. ágúst.

Borað var niður í 31,40 m dýpi, með 2" demantskrónu.

Steypa var í holunni í 26,0 m dýpi. Þegar kom niður í 29,0 m, var eyða í steypuna og borinn gekk hratt niður í 31,0 m dýpi. Síðan skrykkjótt í 31,40 og þar festist hann snögglega. Reynt var að bora upp aftur og kom hann upp um 0,25 m, en þá stíflaðist vatnið og borinn festist alveg. Við settum á tjakka og náðum bornum upp um 0,2 m, en var mjög þungt. Slógum borinn niður með aleggju og tjökkuðum aftur upp, en kjarnarúr brotnaði um neðri skrúfgang. Kjarna-rörið var mjög slétt og gamsalt.

### Þriðjudagur 4. ágúst.

Í dag miðaði boruninni ekkert áfram, en unnið var að því að losa hann úr festunni.

### Miðvikudagur 5. ágúst.

Sama er að segja í dag, borinn var enn fastur.

### Fimmtudagur 6. ágúst.

Í dag var heldur ekkert borað. Steypt var í holuna í morgun úr tveim pokum af sementi.

**Föstudagur 7. ágúst**

Borað var niður í 32,45 m dýpi, með 2" demantskrónu. Kjarni var nokkrir molar af steypu og einn hraunmoli fastur í krónu. Jarðlag, sem borað var í gegnum, var laust og hrun var í holunni. Borinn gengur skrykkjótt og vill festast í mál, sem leggst að honum.

**Laugardagur 8. ágúst.**

Borað var niður í 37,0 m dýpi, með 2" demantskrónu, niður í 35,50, eftir það í 1" krónu. Í 32,90 féll borinn niður og gekk hratt niður í 34,10. Borað var vatnslaut síðustu 0,30 metrana. Kjarni var nokkrir lausir molar. Frá 34,10 var mjög laust niður í 35,50 og kom enginn kjarni, þó borað var vatnslaut síðustu 0,60 metrana. Borað var með 1" krónu niður í 37,0 m og kom smágerð mál og var leirlitur á einum mola. Holan stóð uppi í 33,40 og var þurr. Steypt var úr 2 1/2 poka af sementi.

**Sunnudagur 9. ágúst.**

Í dag miðaði boruninni ekkert áfram. Holan var hrunin saman í 6,0 m dýpi og var borað með 3" demantskrónu niður í 11,0 m, en síðan með 2" niður í 15,0 m og var þá hrunið búið.

**Mánudagur 10. ágúst.**

Í dag var borað niður í 41,60 m. Borað var með 2" demantskrónu. Á bilinu 37,0 m til 41,60 kom kjarni 0,77 metrar. Var hann úr blábróttu hrauni. Þetta hraunlag virðist koma í 38,0 m dýpi. Borinn gekk hægt og jafnt úr 38,0 m dýpi í 41,30 m dýpi. Þar lenti hann í lausu og gekk mjög hratt niður í 41,60 og festist þar svo, að með naumindum var hægt að bora hann upp um 0,60 m, en var þar laus. Holan lokast af hruni í 34,0 m dýpi. Steypt var úr tveim pokum af sementi.

**Þriðjudagur 11. ágúst.**

Borað var í 46,50 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu. Úr bilinu 41,60 til 42,70 m var kjarni 0,30, kjarnarýrnun 0,80 m, en úr bilinu 42,70 í 46,50 var kjarni aðeins tveir smámolar, en hitt hefur dottið, þegar borað var upp. Borinn gekk jafnt og fremur hægt niður úr 41,60 niður í 46,50. Var laus að taka upp um 3,0 m, en festist þá af hruni, sem kemur úr 36,0 - 37,0 m. Það varð að setja vatnið á aftur og bora upp um 4,0 m, en þá var hann laus. Holan lokað í 36,70 m. Vatn í holunni stendur í 35,70. 3" holan lokaðist af steini í 11,0 m dýpi og hróum við að bora hann úr. Steypt var úr tveim pokum af sementi.

**Miðvikudagur 12. ágúst.**

Borað var niður í 50,0 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu. Kjarni af bilinu 46,50 til 50,0 m, var 0,30 m. Er hann úr hrauni. Hrun í holunni er í 35,0 til 38,0 m, en síðan þétt jarðlag niður í 50,0 m. Borinn gekk hratt í gegnum steypuna, sem aðeins var einn metri á þykkt, en

síðan var hrun, sem varð að bora úr niður í 40,0 m. Þegar kom í botn í 46,50, gekk borinn jafnt og hægt niður í 50,0 m. Ekki var talið óhætt að bora dýpra vegna þess, að stöðugt hrun er úr holunni í 36,0 - 38,0 m. Steypt var í holuna úr 3 pokum af sementi.

Fimmtudagur 13. ágúst.

Ekkert var borað í dag, en steypt til viðbótar í holuna úr 2 pokum af sementi.

Föstudagur 14. ágúst.

Borað var í gegnum steypuna og hrun og niður í sama dýpi og hún var í áður, 50,0 m.

Laugardagur 15. ágúst.

Ekkert borað í dag.

Sunnudagur 16. ágúst.

Borað var niður á 55,0 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu.

Jarðlag frá 50,0 til 54,0 m er samfellt hraun, en á bilinu frá 54,0 til 55,0 m er laust jarðlag. Úr bilinu 50,0 til 55,0 m kom kjarni, sem var aðeins 0,25 m og var úr þéttu hrauni. Borað var með óslitinni 2" demantskrónu og urðum við að rýma holuna út frá 40,0 til 50,0 m dýpi vegna þess hvað hún var boruð með slitinni krónu. Borinn gekk jafnt og hægt niður frá 50,0 til 54,0 m, en síðan hratt niður í 55,0 m. Vatnsskortur var mjög til tafar við borunina.

Mánudagur 17. ágúst.

Borað var niður í 65,0 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu.

Holan var hrein í 55,0 m dýpi. Borað var vatnslaut 0,30 m og bor tekinn upp til að skoða kjarna, sem var 0,16 m og er úr bólstrabergi. Síðan var borað stanzlaust niður í 65,0 m. Borinn gekk hægt og jafnt niður og holan var hrein. Upp kom kjarni 1,10 m á lengd úr bólstrabergi.

Hér lauk holu III.

#### Hola IV

Föstudagur 17. júlí

Borað var niður í 5,20 m dýpi og borað var með 3" demantskrónu.

Úr bilinu 0,90 til 3,60 m kom 0,30 m kjarni og rýrnun er þá 2,40 m, en úr bilinu 3,60 til 5,20 kom 0,46 m kjarni og rýrnun er 0,89. Borunin frá 0,90 m niður í 3,60 gekk mjög mishratt niður og var auðfundið, að þunn lög af þéttu hrauni, en allt að því tómir skápar þar á milli. Holan varð strax lek, þegar að kom niður í 0,90 m. Borun frá 3,60 í 5,20 gekk svipað. Leki var mikill og ekkert vatn sést

3" 0 - 23,55

2" 46,60

Dýpi 38,0 m

koma upp eftir að komið var niður í 3,60 m. Steypt var í holuna úr 5 þokum af sementi og miklu af vikri og fibertexti.

Laugardagur 18. júlí

Borað var niður á 8,25 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Jarðlegið frá 5,20 til 8,25 var mjög laust í sér og gótótt niður í 7,40, en það harðnaði það í 8,0 m, en varð svo aftur laust í 8,25. Hrun ~~stærðum~~ var að bornum svo að við urðum að hætta að bora og steypa í. Á bilinu 5,20 til 8,25 kom upp 1,71 m af kjarna. Borun í gegnum steypuna gekk hægt því að mikið var í henni af vikri og fibertexti. Holan var lek og vatnið hverfur jafnóðum, eins og dagg fyrir sólu. Steypt var í holuna úr 3 þokum af sementi.

Sunnudagur 19. júlí.

Borað var niður á 11,40 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Borinn gekk frekar hægt á bilinu 8,25 til 9,50 m, en þá harðnaði bergið og borun gekk hægt niður í 10,45 m. Þá datt borinn niður um 30 cm, eða í 10,75, en eftir það gekk hann hægt niður í 11,40. Af bilinu 8,25 til 11,40 kom kjarni, 1,62 m á lengd, rýrnun var 1,53 m. Vatnsleysi tæði borunina mjög mikið í dag. Borað var steypa frá 4,0 m í 8,25. Steypt var í holuna úr 4 þokum af sementi.

Mánudagur 20. júlí.

Borað var niður á 14,25 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Í bilinu 11,40 til 12,70 var kjarni 0,53 m og af bilinu 12,70 til 14,25 var hann 0,65 m. Kjarninn er allur í molum úr lausu og sprungnu hrauni. Holan var lek allan tímann svo vatnið kom aldrei upp. Þegar kom niður úr steypu, gekk borinn mjög misjafnt niður, datt stundum 10-20 cm, en þess á milli gekk mjög hægt og lausir molar vildu festast í bornum. Auk þess lagðist að honum laust grjótt svo ekki var óhætt að bora lengra. Steypt var úr 2 þokum af sementi.

Þriðjudagur 21. júlí.

Borað var niður í 17,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Af bilinu 14,25 til 17,0 m kom kjarni 1,45 m. Var hann úr hrauni. Þar af voru síðustu 60 cm mjög hart og þétt hraun. Kjarnaryrnun var 1,30 m. Þegar kom niður í 16,20 skipti snögglega um, úr lausu og holóttu hrauni í hart og þétt. Holan lekur öllu vatni strax fyrir ofan 8 m og vatnaskortur hefur tafið borunina talsvert. Hrun var í holuna fyrir neðan steypuna. Við steyptum úr 2 þokum

af sementi í holuna í kvöld.

Miðvikudagur 22. júlí

Borað var niður í 18,70 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Á bilinu 17,0 til 18,70 m kom kjarni af lengd 1,30 m. Rýrnun 0,40 m. Kjarninn er úr mjög þéttu hrauni.

Fimmtudagur 23. júlí.

Borað var niður í 20,60 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Kjarni kom upp úr bilinu 18,70 til 20,65, 1,63 m á lengd. Rýrnun var engin. Kjarninn er úr þéttu hrauni með ljósum eitlum. Úr bilinu 20,0 til 20,60 m kom 0,57 m kjarni og rýrnun aðeins 0,03 m. Þessi kjarni var úr mjög þéttu hrauni með ljósum eitlum. Hrun var í holunni og tafði það borun mjög mikið og í 20,40 m dýpi urðum við að hætta því að það lá við að borinn stoppaði og festist. Steypt var úr 7 pokum og blaðað var í sementið vikri og fibertexi. Aðallega var glufa í 7 m dýpi, sem erfiðlega gekk að þétta.

Föstudagur 24. júlí.

Í dag miðaði holunni ekkert niður á við, en boruð var steypa úr holunni og kom í ljós gat í henni í 1,70 m, eða þar sem steypan byrjaði. Steypt var í gatið aftur.

Laugardagur 25. júlí.

Borað var niður í 23,70 m með 3" demantskrónu. Á bilinu 20,65 til 23,70 kom upp kjarni úr mjög þéttu, blöðrulausu hrauni. Lengd hans var 2,78 m og kjarnarýrnun 0,27 m. Borunin frá 20,65 til 23,70 gekk mjög hægt en jafnt. Steypan í holunni var orðin mjög hörð. Leki kom aftur í holuna, sennilega mjög ofarlega. Trúlegt er að borsköftin brjóti gat í holuveggina, þar sem steypan er fyrir.

Sunnudagur 26. júlí.

Borað var niður í 25,20 m. Borað var með 3" demantskrónu.

Á bilinu 23,70 til 25,20 kom upp kjarni, að lengd 1,17 m. Kjarnarýrnun 0,33 m. Það sem upp kom, var úr mjög þéttu hrauni, blöðrulausu. Borunin í dag gekk mjög hægt. Borinn er ekki nógu þungur til að hægt sé að leggja fullt á hann. Hann lyftist og skælist til. Reynt var að setja gel og fibertex í holuna til að stífla lekann, en það fór hálfbögulega, stíflaði borinn og dæluna og tafði mjög mikið borunina.

Mánudagur 27. júlí

Borað var niður í 27,10 m dýpi, og borað var með 3" demantskrónu.

Borinn gekk mjög hægt niður. Jarðvegur er mjög þéttur, en sífelldur leki er ofarlega í holunni, sennilega í kringum 3,0 m dýpi.

Þriðjudagur 28. júlí

Ekkert borað í dag, sökum festu.

Miðvikudagur 29. júlí.

Ekkert borað í dag, festan áfram.

Fimmtudagur 30. júlí.

Festan enn, ekkert borað í dag.

Föstudagur 31. júlí.

Borað var niður í 29,75 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Frá 27,10 til 28,0 m var jarðlag hart, niður í 27,20 en þá skipti um og borinn gekk hraðar frá 27,10 í 28,40, en þá hæðði hann á sér aftur. Af bilinu 25,20 til 28,0 m kom kjarni af lengd 2,25 m. Kjarnaryrmun var 0,55 m. Af bilinu 28,0 m til 29,75 kom kjarni af lengd 0,28 m, yrmun 1,48 m. Rautt lag millilag var á bilinu 27,20 til 28,40. Steypt var í holuna því að búast má við hruni úr lausa millilagini, sem nú var nefnt.

Laugardagur 1. ágúst.

Borað var niður í 32,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Af bilinu 29,75 til 32,0 m kom upp kjarni af lengd 0,53 m úr blábróttu hrauni. Yrmun 2,03 m. Borunin gekk hægt frá 29,75 í 30,90, en þá fór hann að ganga mjög greitt niður og sýndi er, að um götöttan jarðveg er að ræða. Hann gekk hratt niður í 32,0 m. Vatnsnotkun í dag var 4000 l, en meira vatn var ekki til vegna þess að trukkurinn fór niður að Raðbalek. Steypt var í holuna með sementi og fibertexi og vikri.

Mánudagur 3. ágúst.

Borað var niður í 33,90 m dýpi, með 3" demantskrónu.

Kjarninn, sem upp kom úr bilinu frá 32,0 m í 33,90 var 0,56 m af lengd úr blábróttu bergi, mjög lausu í sér. Kjarnaryrmun 1,34 m. Borinn gekk hægt niður. Vatn stóð í holunni í 31,30 m. Hrun var í holunni frá 32,0 í 33,90. Steypt var í holuna upp í 22,0 m. Vatn var af skornum skammti í dag eins og venjulega, þótt keyrt sé viðstöðulaust, þá hefur billinn ekki undan nema öðrum bornum.

Þriðjudagur 4. ágúst

Í dag mæðði heldur lítið niður á við. Byrjað var að bora í 22,30 m dýpi, þ.e.a.s. steypu, og borað var í 23,55, en þá festist borinn. Reynt var fyrst að snúa honum með tångum, en það var ekki hægt. Þá settum við niður öfuganúnar stengur og rifum allt í sundur niður að kjarnarörinu sjálfu. Tókum báða kjarnabotnana úr. Boruðum síðan ~~niður~~ úr 3" með 2" og 2 fet niður fyrir. Tókum síðan upp og skrúfuðum kjarnabotnana í og stengurnar og snerum, en án árangurs. Síðan



settum við tjakkann á, en það var árangurslaust.

Miðvikudagur 5. ágúst

Í dag lá borun einnig niðri vegna festu og unnið var að að ná bornum upp.

Fimmtudagur 6. ágúst.

Borað var niður í 35,55 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu.

Borinn gekk hratt niður frá 33,90 í 35,55. Enginn kjarni kom upp. Byrjað var með 2" demantskrónu og borað í gegnum 3" kjarnarörrið, sem festist. Fyrst var boruð steypa og síðan hraun. Gerðar voru ítrekaðar tilraunir til að ná 3" kjarnarörinu upp, en án árangurs.

Föstudagur 7. ágúst.

Borað var niður í 41,60 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu.

Frá 35,55 í 39,65 gekk borinn hratt niður. Kjarni kom enginn varþessum kafla. Frá 39,65 í 41,70 gekk borinn hægt niður. Kjarni kom upp 7 cm á lengd. Hann var úr þéttu hrauni. Úr bilinu 40,70 í 41,60 komu upp 2 smá-kjarnamolar, 2-3 cm langir. Þeir eru úr hrauni. Borun frá 35,55 í 41,60 gekk vel, en mjög laus jarðvegur er þó frá 35,55 í 39,65. Steypt var í holuna úr 3 pokum af sementi.

Laugardagur 8. ágúst.

Borað var niður í 43,20. Borað var með 2" demantskrónu.

Úr bilinu 41,60 til 43,20 komu tveir kjarnamolar, 5 cm á lengd úr hrauni, mjög losaralegu. Holan hrundi saman í 34,0 m og festi borinn. Var hann mjög festur í holunni og það tók tvo tíma að ná honum upp. Steypt var í holuna.

Sunnudagur 9. ágúst.

Borað var niður í 45,10 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu.

Borun frá 43,20 í 45,10 gekk mjög hratt. Enginn kjarni kom. Steypan í holunni frá 21,0 m í 34,0 m var samilega hörð og heilleg, en þegar kom í 34,0 m hafði steypan þvegizt úr holunni og niður í 43,20 og voru hrunhöft og neðst samfelld hrun á þessum kafla. Holan er lek í 8,0 m dýpi og þaðan kemur hrun. Settir voru 5 pokar af sementi í holuna og 1/2 poki af fibbertexi.

Mánudagur 10. ágúst

Borað var í 45,70 m dýpi með 2" demantskrónu.

Borað var frá 45,10. Borinn gekk greitt niður þessa 60 cm, en kjarni kom enginn upp. Borinn er það fastur í holunni að ekki er hægt að bora meira. Sandur liggur mjög þétt að bornum. Malt var í holunni, en þar var ekki vottur af sementi. Það hefur þvegizt allt saman burtu, 5 pokar og 1/2 poki af fibbertexi. Hrunið kemur fyrst í 34,0 - 35,0 m og svo aftur í 38,0 m og enn frá 41,0 til 45,10 m. Reynt

var að steypa einu sinni enn í holuna til þess að þétta gýt, sem eru sum staðar á steypunni.

Þriðjudagur 11. ágúst.

Í dag miðaði holunni ekkert niður. Sama sagan og söur með þvott úr holunni. Hún var steyppt aftur upp í 21,0 m. Það fór sem fyrr, að steypan hafði þvegizt burtu milli 34,0 og 35,0 m og var því gerð tilraun til að setja lit í bréfi í holuna og tekin vatnsprufa strax á eftir og var á henni mjög sterkur grænn litur. Tíu mínútum síðar var mjög lítill litur á vatninu og eftir fimmtán mínútur var hann slveg horfinn. Litarmagn það, sem sett var í, nægir til að lita a.m.k. 20-30 m.

Miðvikudagur 12. ágúst

Boræð var steypa að vanda, en það endurtekur sig alltaf sama sagan, að steypan gengur ekki niður fyrir 34,0 til 35,0 m, en þar kemur alltaf hrun inn í holuna, aðallega á þessum metra, en svo aftur á 37,0 til 38,0 metrum. Ennfremur hrynja saman næstu 5 metrarnir og þar situr borinn fastur.

Fimmtudagur 13. ágúst

Sama sagan og söur. Steypan er komin í 36,0 m dýpi, en samt er hrun þar í holunni. Steyppt var enn í holuna úr 3 pokum.

Föstudagur 14. ágúst.

Steypan var boruð úr og boræð var í gegnum hrunið, en þegar að kemur niður í botninn, þá er þar mikill sandur og mylsna, svo að borinn anýr ekki sköftunum. En það sem er í holubotninum er það laust í sér, að það tollir ekki uppi í kjarnarörinu. Hrunið, sem kemur úr holuveggjunum, hindrar steypuna í að kúmast í botn, enda er greinilega mikill þvottur í holunni, því stundum hverfa heilir sementspokar, bæði sementið og umbúðirnar, þó að umbúðirnar séu að vísu rifnar niður í tætlur.

Hér lauk holu IV. Stendur hún í 38,0 m dýpi, eftir að búð var að bora steypuna úr.

#### Hola V

Laugardagur 15. ágúst

Boræð var niður í 0,70 m dýpi og boræð var með 3<sup>o</sup> demantskrónu.

Boræðir voru 70 cm. Upp kom kjarni úr götöttu hrauni, 0,30 cm á lengd. Holan var lek og var steyppt í hana.

3<sup>o</sup> 0-30 m  
2<sup>o</sup> yfir það  
Dýpi 43 m

### Sunnudagur 16. ágúst

Borað var niður í 2,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr bilinu 0,70 til 2,0 m kom kjarni að lengd 1,16 m. Efstu 70 cm voru sprungnir, en þar fyrir neðan er holan vatnsheld niður í 2,0 m. Hraunið er blábrótt en heillegt. Borun í dag gekk mjög seinlega vegna þess að við urðum að bora með 30 cm kjarnaröri og sífellt vera að hifa og vorum mjög oft vatnslausir. Steypt var í holuna.

### Mánudagur 17. ágúst

Borað var niður í 7,60 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr bilinu frá 2,0 m í 3,55 m kom kjarni að lengd 1,50 m. Hann er úr blábróttu hrauni, mjög heillegu. Holan er þétt. Af bilinu 3,55 til 4,45 m kom kjarni 0,68 m, einnig úr blábróttu hrauni. Vatnið hvarf í 4 m dýpi. Úr bilinu 4,45 í 5,90 kom 1,66 m langur kjarni úr mjög þéttu og lítið sprungnu hrauni, en eitthvað er hrun frá síðustu hifingu. Úr bilinu 5,90 m í 7,60 m var kjarni 1,60 m úr þéttu hrauni. Holan var þétt niður í 4,0 m, þá fór að leka. Steypt var í holuna úr 1 1/2 poka af sementi.

### Þriðjudagur 18. ágúst

Borað var niður í 9,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr kaflanum frá 7,60 m í 9,0 m kom kjarni að lengd 1,4 m úr þéttu hrauni, mjög lítið sprungnu. Borun tafðist í dag vegna vatnslausis.

### Miðvikudagur 19. ágúst

Borað var niður í 10,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr þessum 1 m kom kjarni að lengd 0,75 m úr mjög þéttu og blábrúlausu hrauni með skáhöllum sprungum. Borunin þennan eina metra gekk mjög hægt. Hver fara, sem var 30 cm, boraðist niður á rúmum klukkutíma.

### Fimmtudagur 20. ágúst

Borað var niður í 11,50 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr bilinu frá 10,0 m í 11,50 m kom upp kjarni, 1,50 m á lengd, úr mjög þéttu hrauni. Kjarnalengdin, sem kom upp, er órotin. Holan er þétt og lekalaus.

### Föstudagur 21. ágúst

Borað var niður í 13,80 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr kaflanum frá 11,50 niður í 13,80 m kom enginn kjarni. Borinn gekk hægt niður í 11,90 m, en þá skipti mjög snögglega um og gekk borinn hratt eftir það niður í 13,80 m. Þegar hið var úr 12,70 m dýpi, kom enginn kjarni, en þegar hið var úr 13,80 m dýpi, kom kjarni úr þéttu hrauni, 40 cm langur, en þessi kjarni er úr bilinu frá 11,50 í 11,90 m. Sprunga í kjarnanum passar við kjarnann í 11,50 m. Aðeins er, að kjarninn er úr þessu efra lagi því bæði er hann tvíboraður og eins er sprunga efst í kjarnanum, sem eins og áður er sagt passar við

kjarnann í 11,50 m dýpi. Í 11,90 m er áreiðanlega um hraunanót að ræða. Steypt var í holuna úr 3 pokum af sementi.

#### Laugardagur 22. ágúst

Borað var niður í 16,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Borinn gekk hratt niður frá 13,80 m í 15,25 m. Úr þessum kafla kom kjarni, 40 cm langur úr mjög blöðróttu bergi, einna líkast koxsi. Frá 15,25 í 16,0 m gekk borinn hægt niður. Upp kom kjarni, 0,72 m á lengd úr blöðróttu hrauni, nokkuð þéttu. Vatninu hóðum við þar til kom í 13,0 m dýpi, en aðeins er leki í 8,0 m. Hrun var í holunni í kringum 14,0 m dýpi, þar sem var smá haft. Steypt var í holuna upp í 6,0 m dýpi.

#### Sunnudagur 23. ágúst

Borað var niður í 20,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Frá 16,0 m í 18,10 m kom upp kjarni 2,18 m á lengd úr blöðróttu hrauni. Holan er þétt og vatnið kom upp. Úr kaflanum 18,10 m í 19,60 m kom upp kjarni 1,02 m úr þéttu hrauni og úr kaflanum 19,60 m til 20,0 m kom upp kjarni 0,59 m. Holan er að þestu þétt. Steypan var orðin mjög hörð. Hún harðnar mun betur á skemmri tíma ef vatnið, sem hún er hrærð með, er hitað upp í 35-40 stig. Lekinn hefur verið í 8,0 m. Hann kemur alltaf þétt steypt sé í holuna, sennilega als boraköftin steypuna úr.

#### Mánudagur 24. ágúst

Borað var niður í 24,70 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr kaflanum 20,0 m í 20,60 m kom 0,5 m langur bor-kjarni úr þéttu hrauni. Úr kaflanum 20,60 í 22,15 kom 1,24 m langur kjarni og úr kaflanum 22,15 í 23,65 kom 0,95 m langur kjarni. Kjarnar, sem upp komu, voru úr mjög þéttu hrauni. Vatnið hvarf í 20,20 m, en kom aftur í 20,60 m og eftir það var vatnið mjög óstöðugt, kom og fór með stuttu millibili. Steypan lítur út fyrir að hafa þétt holuna mjög vel.

#### Þriðjudagur 25. ágúst

Borað var niður í 29,48 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr kaflanum frá 23,65 í 29,45 kom upp kjarni 5,84 m á lengd alls. Þar af komu úr kaflanum 23,60 til 25,20 1,60 m, og er hann úr smáblöðróttu hrauni. Úr kaflanum 25,20 til 27,40 kom upp 2,10 m af kjarna. Hann er úr mjög þéttu og blöðruleysu hrauni. Úr kaflanum 27,40 í 29,45 kom 2,14 m langur kjarni úr mjög þéttu og blöðruleysu hrauni. Borun gekk mjög vel í dag, hraunið þétt og lítið sprungið. Vatn helst ekkert í holunni.

Miðvikudagur 26. ágúst

Borað var niður í 35,30 m dýpi. Borað var með 3" demantskrómu, niður í 32,20, eftir það með 2" demantskrómu. Úr kaflanum 29,45 til 30,50 kom kjarni 0,86 m úr mjög þéttu hrauni. Úr kaflanum 30,50 í 31,90 kom einn kjarnamoli, sem er hrun ofan að, og svo móbergasandur. Úr kaflanum 31,90 í 32,20 kom kjarni 0,25 m langur, mjög blábróttur. Úr kaflanum 32,20 í 35,30 kom 0,28 m langur kjarni, úr frekar þéttu hrauni. Borinn gekk hægt niður í 31,60 m, en gekk hratt í 32,0 m eftir það, en þá fór hann að hægja á sér aftur. Holan hrynur saman og það er sýggilega sandur, sem rennur inn í hana, þegar hið var í 31,90. Sandur kom upp í kjarnarörið og stíflaðist það. Mjög mikið móberg er í homm. Það eru hraunaskil frá 31,60 í 32,0 m. Sennilega hefur komið vatn í holuna í 30,40 m.

Fimmtudagur 27. ágúst

Borað var niður í 38,0 m dýpi og var sá kafli boraður með 2" demantskrómu. Hrun er í holunni frá 30,40 í 35,30, sennilega mestmegnis sandur og mál. Vatn stendur í 30,40. Holan stendur uppi í 37,0 m, þ.e.a.s. það er 1 m hrun í holubotninum. Úr kaflanum 35,30 til 38,0 m kom kjarni 0,58 m á lengd úr ljósgráu blábrubergi. Holan fyltitist aftur af sandi upp í 30,40 m.

Þriðjudagur 1. september

Í dag var steyppt í holu V.

Fimmtudagur 10. september

Í dag var borað steypa úr holunni. Sementið var orðið mjög hart. Borað var niður í 30,70 m í steypu með 2" demantskrómu.

Þætudagur 11. september

Borað var niður í 43,0 m dýpi. Steypan náði niður í 38,0 m dýpi, en úr kaflanum 38,0 m til 43,0 m kom kjarni 0,26 m á lengd úr þéttu hrauni. Borinn mylur 2" kjarnann undir sig. Hann gekk mjög hægt niður, svo að það eru ekki neinar eyður á bilinu milli 38,0 og 43,0 m, þótt kjarninn sé svona lítill úr þessu bili. Borun úr 30,70 í 38,0 m gekk illa og hjálpuðust þar að sandur, steypa og hrun. Vatnsdýpi var 7,40.

Hér lauk holu V. Hún stendur í 43,0 m dýpi.

3" 0 - 39.0  
2" effilic þak  
Dun 47.60

## Hole VI

### Fimmtudagur 27. ágúst

Borað var niður í 4,50 m dýpi og borað var með 3" demantskrónu.

Kjarninn, sem kom upp á þessu bili, frá 0 í 4,50 m dýpi, var úr mjög blöðróttu hrauni. Á bilinu 0 til 1 m var kjarninn 0,65 m og á bilinu 1 m til 4,50 m var hann 2,40 m. Kjarninn vildi festast í bornum vegna þess hve hraunið er sprungið. Hrun er í holunni í 2,50 m dýpi. Steypt var í holuna úr 2 pokum af sementi. Vatnið í steypuna var hitað í ca. 35 stig.

### Föstudagur 28. ágúst

Borað var í 8,70 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr bilinu 4,50 í 8,70 m kom kjarni úr sprungnu og blöðróttu hrauni, 3,0 m að lengd. Kjarnarýrnun 1,20 m. Þessi kjarni skiptist nána þannig: Úr bilinu 4,50 til 5,50 kom kjarni 0,87 m. Úr bilinu 5,50 til 6,50 kom kjarni 0,63 m. Úr bilinu 6,50 til 8,70 kom kjarni 1,50 m. Hrun var í holunni í 5,0 m dýpi og síðan öðru hvoru niður í 8,70. Borinn er orðinn það fastur, að ekki er óhætt að bora lengra. Steypt var í holuna úr 2 pokum af sementi og vatnið í steypuna hitað.

### Laugardagur 29. ágúst

Borað var niður í 12,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Niður í 9,0 m dýpi var kjarni úr hörðu og blöðróttu hrauni, en þar skiptir um og kemur mjög frauðkennt hraun, sem nær niður í 12,0 m dýpi. Vatnið hvarf í 8,0 m. Í 9,0 m fór borinn að ganga skrykkjótt og var stöðugt hrun og í 12,0 m var hann hættur að smáast, svo ekki var borað lengra. Hituðum vatni í steypu og steyptum úr þrem pokum af sementi.

### Sunnudagur 30. ágúst

Borað var niður í 15,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr bilinu 12,0 - 15,0 m var kjarni 0,60 m úr blöðróttu og frauðkenndu hrauni. Kjarnarýrnun 2,40 m. Hraunið er laust og sprungið. Borinn gekk mjög ójafnt niður og stöðugt hrun er í holunni, sem leggst að bornum, svo hann vill festast. Steypan frá í gar náði niður í 11,0 m og skilaði samilegum kjarna. Það virðist betra að steypa úr heitu vatni. Við hituðum vatni og steyptum úr 3 pokum af sementi.

### Mánudagur 31. ágúst

Borað var niður í 17,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu niður í 15,80, eftir það með 2" demantskrónu.

Úr bilinu 15,0 til 15,80 kom 0,70 m kjarni. Í 15,40 fer hraunið að þéttast og kjarni var 1,0 m á bilinu 15,80 - 17,0 m. Var hann úr þéttu og hörðu hrauni. Steypan frá í

gær náði í 14,0 m dýpi, en síðan var sífellt hrún í holunni af sandi og mál. Borað var með 3" krónu í 15,80, en síðan með 2" krónu í 17,0 m. Bilið, sem var laust og margborað, þar til holan stóð uppi í 16,0 m. Steypt var í holuna úr 2 pokum af sementi.

#### Þriðjudagur 1. september

Borað var niður í 21,80 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Hraunið er mjög hart og mun vera stuðlað, sums staðar eru lóðréttar sprungur í kjarnanum. Borinn gengur hægt niður og kjarninn vill molna og festast í krónunni, svo oft þarf að taka borinn upp og hreinsa hann. Holan er hrein í kvöld og ekki er steypt í hana. Kjarni kom sem hér segir: Úr bilinu 17,0 til 17,80 0,55 m kjarni. Úr bilinu 17,80 til 19,40 1,50 m kjarni. Úr bilinu 19,40 í 20,70 1,35 m kjarni. Úr bilinu 20,70 í 21,80 kom enginn kjarni.

#### Miðvikudagur 2. september

Borað var niður í 27,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr bilinu 21,80 til 23,0 m kom 1 m kjarni úr hrauni. Úr bilinu 23,0 m í 24,60 kom kjarni 1,50 m og úr bilinu 24,60 í 25,50 kom kjarni 0,95 m og loka úr bilinu 25,50 til 27,0 m kom 1,30 m kjarni. Hraunið er mjög hart og kjarninn vill brotna og festast í bormum. Nokkuð af kjarnanum er með lóðréttum sprungum, stuðlasprungum. Borinn gekk mjög hægt og jafnt niður, hvergi var festa eða hrún í holunni.

#### Fimmtudagur 3. september

Borað var niður í 32,38 m dýpi, þar af með 3" demantskrónu niður í 30,50 m, eftir það með 2" demantskrónu.

Úr bilinu 27,0 m í 28,60 kom 1,50 m kjarni. Úr bilinu 28,60 til 30,50 kom 0,55 m kjarni. Kjarninn var úr þéttu og hörðu hrauni. Úr bilinu 30,50 til 32,35 kom 1,10 m kjarni úr blöðróttu hrauni. Borinn gekk hægt og jafnt niður þar til kom í 29,60, þar fór hann niður úr hörðu lagi og gekk hætt í 30,50. Hrun lagðist að bormum, svo við tókum upp 3" krónuna og boruðum með 2" demantskrónu. Það gekk hratt hægt niður í 30,80, en hæðði þá á aftur. Hrun í holuna úr hraunaskilunum. Hitað var vatn í steypu og steypt úr 2 pokum af sementi..

#### Föstudagur 4. september

Borað var niður í 33,60 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Kjarninn er úr samfelldu hrauni, ekki mjög hörðu, og borast vel. Frá 31,50 í 32,35 var áður buið að bora með 2" krónu, en var það nú borað upp með 3" krónu og úr þessu bili kom 0,80 m langur kjarni. Úr bilinu 32,35 til 33,0 m kom 0,37 m langur kjarni. Borinn gekk jafnt og rólega niður og var hvergi festa.

Laugardagur 5. september

Borað var niður í 39,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr bilinu 33,0 í 35,0 var kjarni 1,65 m. Úr bilinu 35,0 til 37,0 var aftur 1,65 m og úr 37,0 til 39,0 var enn 1,65 m. Hraunið er grófkornótt og sprungulítið. Borinn gekk hægt og jafnt niður og gátum við borað kjarna-rórið fullt því kjarninn var lítið sprunginn og festist því ekki í krónunni.

Sunnudagur 6. september

Borað var niður í 42,0 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu.

Frá 39,0 m til 42,0 m kom 1 m af kjarna úr grófkornóttu hrauni, sprungulitlu. Hraunið borast mjög jafnt og virðist mjög sprungulítið.

Mánudagur 7. september

Borað var niður í 47,60 m dýpi með 2" demantskrónu.

Frá 42,0 m í 47,60 var kjarninn 0,75 m úr hrauni, sprungulitlu. Jarðvatn í holunni stendur í 34,30 m. Borunin gekk jafnt, holan er nú talin nógu djúp og var hætt við hana og lýkur hér hælu VI.

## Hola VII

Fimmtudagur 27. ágúst

Borað var niður í 0,70 m og borað var með 3" demantskrónu.

Úr þessum kafla kom kjarni 0,20 m á lengd úr blábróttu hrauni. Steypt var í holuna úr 2 pokum af sementi.

Föstudagur 28. ágúst

Borað var niður í 10,35 m. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr kaflanum 0,70 m í 1,30 m var kjarnalengd 0,60 m úr mjög sprungnu og blábróttu hrauni með lóbréttum sprungum. Úr kaflanum 1,30 til 2,70 var kjarni 0,97 m úr blábróttu og sprungnu hrauni með lóbréttum sprungum og rauðum sprungufyllingum, en neðst var þétt og ljósara hraun, sprungið lárétt. E.t.v. skil á fyrsta og öðru hrauni. Úr kaflanum 2,70 til 3,60 kom kjarni 0,94 m. Á kaflanum 3,60 til 5,10 kom 1,60 m. Þessir tveir síðustu kjarnar eru úr blábróttu hrauni. Úr kaflanum 5,10 til 6,70 kom 1,40 m langur kjarni úr blábrúlitlu hrauni og úr kaflanum 6,70 til 9,0 m kom 2,17 m langur kjarni úr mjög þéttu hrauni. Úr síðasta kaflanum frá 9,0 m í 10,35 var óyft. Kjarninn í dag er yfirleitt þéttur og lítið sprunginn og er mjög gott að bora holuna. Holan lekur öllu vatni, sem í hana er sett.

3" 0 - 30 m  
úr þessu þéttu  
Dýpi 50,50



Laugardagur 29. ágúst

Borað var niður í 14,30 m dýpi með 3" demantskrónu. Úr kaflanum 9,0 til 11,15 m dýpi, sem óhíft var úr í gær, kom 2,10 m langur kjarni úr svo til blöðrulausu hrauni. Úr kaflanum 11,15 í 12,75 kom 1,05 m langur kjarni, þéttur. Úr 12,75 í 14,30 kom 0,3 m langur kjarni. Breyting varð á í 13,15 m og frá 13,15 í 14,30 m gekk borinn mjög hratt niður, en í 14,30 m hæðnaði aftur. Holan hrynur saman frá 13,40 m. Hún heldur engu vatni. Steypt var í holuna úr 4 pokum og var hitað vatn í steypuna.

Sunnudagur 30. ágúst

Borað var í 17,35 m dýpi með 3" demantskrónu. Úr kaflanum 14,30 í 17,35 kom 2,44 m langur kjarni, rýrnun er 0,61 m. Borinn gekk hratt niður í 14,60 m, fyrst var haft, sem var hart, í 14,35 m, ca. 5-6 cm þykkt, en svo gekk borinn hratt niður í 14,60 m. Eftir það gekk hann aftur hægt. Úr kaflanum 14,30 m í 15,45 m var kjarninn 0,84 m úr smáblöðróttu bergi og úr kaflanum 15,45 í 17,35 m var kjarni 1,60 m úr smáblöðróttu hrauni. Hrun er í holunni. Steypt var í holuna úr einum poka af sementi og það fyllti hana upp í 6,80 m.

Mánudagur 31. ágúst

Borað var niður í 27,0 m dýpi með 3" demantskrónu. Úr bilinu 17,35 í 18,10 m kom kjarni 1,10 m á lengd úr smáblöðróttu hrauni. Úr kaflanum 18,10 m í 20,80 m kom 2,20 m langur kjarni úr lítill blöðróttu hrauni. Úr kaflanum 22,80 í 22,55 m kom 1,08 m langur kjarni, mjög þéttur. Úr kaflanum 22,55 í 24,20 kom kjarni 2,16 m, einnig mjög þéttur. Úr neðsta kaflanum 24,20 í 27,0 m var óhíft í kvöld. Steypan í holunni var þétt niður í 13,0 m, en þar fór holan að leka og eftir það mátti hún ekki vatni halda. Ekkert hrun er í holunni og er gott að bora.

Þriðjudagur 1. september

Borað var niður í 31,70 m dýpi með 3" demantskrónu. Úr kaflanum 27,20 í 28,60 kom kjarni 1,80 m á lengd úr þétu blöðrulausu hrauni. Úr kaflanum 28,60 kom kjarni 2,07 m í 30,60 kom 2,07 m langur kjarni úr mjög þétu og blöðrulausu hrauni. Úr kaflanum 30,60 í 31,70 m kom enginn kjarni og gekk borinn mjög hægt niður. Kjarninn hefur hrundið niður úr kjarnarörinu. Borun í dag gekk mjög hægt, borinn er of léttur til að vinna á svona þétu bergi.

Miðvikudagur 2. september

Borað var niður í 33,70 m dýpi með 3" demantskrónu. Úr kaflanum 31,70 í 32,35 kom kjarni 1,67 m, mjög þéttur. Úr kaflanum 32,35 í 33,50 kom kjarni 0,68 m. Breyting varð á holunni í 32,25 m, þá fór borinn niður úr hraunlagi, en í 33,60 fór borinn að ganga hægt aftur.

Úr bilinu 33,50 í 33,70 kom 0,10 m langur kjarni úr blöðróttu hrauni.

Sunnudagur 6. september

Borað var niður í 32,0 m dýpi, með 2" demantskrónu. Steypan var boruð úr holunni, en hún var orðin glerhórb. Fyrst var reynt að bora með 3" demantskrónu, en það gekk mjög hægt, svo að breytt var yfir í 2", en það gekk mjög hægt samt.

Mánudagur 7. september

Borað var niður í 39,70 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu niður í 37,75, eftir það var borað með 1" demantskrónu.

Borinn gekk hægt frá 33,10 í 37,75 m en frá 37,70 í 37,90 gekk borinn mjög hratt niður og sandur settist þar að honum og festi hann. Hann var svo losaður aftur og settur var niður 1" bor og hreinsað úr holunni. Úr bilinu 33,70 í 37,65 kom kjarni 0,20 m á lengd. Þetta er 2" kjarni. Og úr bilinu 37,75 í 39,70 kom 0,30 m langur kjarni, 1". Holan stendur uppi í 38,0 m. Steypt var í holuna úr 1 1/2 poka af sementi.

Þriðjudagur 8. september

Borað var niður í 46,0 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu.

Úr bilinu 39,70 í 43,45 kom 0,80 m langur kjarni úr smáblöðróttu hrauni. Úr kaflanum 43,45 í 46,0 m var óhíft. Borunin gekk mjög hægt á kaflanum 39,70 til 46,0, sennilega mest fyrir það, að borinn nylur kjarnann undir sér jafnóðum. Vatn stóð í holunni í 38,0 m dýpi. Steypt hafði í hraunaskilín, sem eru ~~frá~~ frá 36,60 í 37,90. Holan er hreinleg og mjög þokkaleg.

Miðvikudagur 9. september

Borað var í 50,50 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu.

Vatn stendur í holunni í 38,0 m. Úr kaflanum 43,45 í 47,60 m kom kjarni úr mjög þéttu hrauni, en mjög brotnu, en það skeður, þegar að kjarninn fer í gegnum kjarnagrindina. Einnig kom kjarni úr kaflanum 47,60 í 50,50.

Hér lauk holu VII og stendur hún í þessu dýpi.

Hola VIII

Miðvikudagur 9. september

Borunin undirbúin, komið fyrir fódurröri og steypt niður 1,20 m langt rör.

Fimmtudagur 10. september

Borað var niður á 2,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

3" o = 9,5 m  
2" yfir það  
24m 23,20

Úr kaflanum kom kjarni, sem var allur í molum, lengd 0,30 m. Niður í 1,20 m er sandur en síðan er bólstraberg, mjög laust og sprungið, bundið í móreinum. Bergið er svo sprungið, að það er eins og að bora í mól, holan dettur saman og mölin festist í bornum, svo lítið er hægt að bora. Auk þess grafur vatnið sandinn frá fóburrörinu, svo allt er að losna í kringum borinn. Hitað var vatn og steipt í holuna í kringum fóburrörið.

Föstudagur 11. september.

Borað var niður 3,80 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr kaflanum frá 2,0 m í 3,80 m kom kjarni að lengd 0,35 m úr blágrýtismól. Bergið borast mjög illa. Grófur sandur og mól leggst að bornum, svo að hann er alltaf við það að festast. Mölin festist í krónunni svo kjarninn molnar allur í sundur. Steipt var í holuna úr 2 þokum af sementi.

Laugardagur 12. september.

Borað var niður í 6,20 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Úr kaflanum niður í 5,0 m kom enginn kjarni, en úr kaflanum frá 5,0 m í 6,20 komu þrjár kjarnamolar úr dökku basalti, 0,12 m á lengd. Bólstraberg er bundið í móreinum. Borað var þar til borinn svo þungur, að vélin sneri honum ekki lengur. Gátum dregið hann upp með vökvalyftunni. Steipt var úr 2 þokum af sementi.

Sunnudagur 13. september

Borað var niður í 6,80 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Á bilinu 6,20 til 6,80 kom kjarni 0,13 m. Það voru tveir molar af bólstrabergi. Enn er jafnerfitt að bora þessa holu, ekkert nema mól og grófur sandur, sem heldur bornum föstum, og festist í krónunni.

Mánudagur 14. september

Borað var niður á 8,40 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.

Á bilinu 6,80 til 7,60 komu þrjár molar af dökku basalti, en úr bilinu 7,60 til 8,40 kom enginn kjarni, en það skolaðist upp mikið af basaltsandi og mól. Við reyndum að bora með gelleðju í dag, en það gengur lítið betur. Bergið er allt í smámolum, sem veltast undir bornum og molna sundur og verða að grófum sandi, sem heldur öllu föstu. Steipt var í holuna úr einum þoka af sementi.

Miðvikudagur 16. september

Borað var niður á 9,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu. Úr bilinu 8,40 til 8,50 komu þrjár smámolar úr dökku basalti úr bólstrabergi og úr bilinu 8,50 til 9,0 komu nokkrir molar, ca. 10 cm. Kjarninn molnar allur sundur og verður að grófum, hörðum sandi, sem festir borinn, svo ekki er hægt að bora nema eitt fet í einu, þá verður að taka upp og skola upp úr holunni. Dalan hefur verið mjög léleg

og er nú að syngja sitt síðasta vers.

Fimmtudagur 17. september

Borað var niður á 12,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu niður á 9,50 m dýpi en með 2" demantskrónu eftir það.

Úr bilinu 9,0 til 9,50 kom enginn kjarni. Það var borað með 3" krónu, en síðan var borað með 2" krónu bilið 9,50 til 12,0 m. Kjarni úr því var 0,38 m, allt smámolar úr blágrýti. Þegar komið var 0,30 m niður fyrir steypuna var borinn hættur að snúast vegna þyngsla. Það varð að bora upp aftur og kjarni kom enginn. Settum niður 2" demantskrónu og það gekk samilega að bora í 12,0 m, en holan hrundi í 9,0 m, þegar tekið var upp. Steypt var úr 1/2 poka af sementi og heitu vatni.

Þóstudagur 18. september

Borað var niður í 18,30 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu.

Úr bilinu 12,0 til 15,20 kom 0,30 m blágrýtiskjarni. Það eru molar úr bólstrabergi, en það er svo sprungið í smámola, að það borast mjög illa. Borinn gekk hægt, en frekar jafnt úr 12,0 m í 15,20, en þá hrundi holan saman og varð að bora hana upp aftur. Þegar sett var niður aftur, var holan boruð í 7,0 m, gátum borað niður í 14,0 m, en þá var allt að festast. Holan stóð í 9,0 m, þegar tekið var upp. Steypt var úr 1 poka af sementi.

Laugardagur 19. september

Borað var niður í 14,0 m dýpi með 2" demantskrónu.

Boruð var steypa frá 6,0 m í 9,50, en síðan var ekkert nema blágrýtismöl, sem hrundi sífellt saman, hvað oft sem borinn var settur niður. Komust í 14,0 m hvað eftir annað, en þá var borinn svo þungur að snúast, að ekki varð borað dýpra. Steypt var með heitu vatni og hrært í hrundið upp með bornum.

Mánudagur 21. september

Borað var niður á 14,0 m dýpi með 2" demantskrónu.

Steypan náði niður á 11,0 m en síðan basaltmöl, sem buið var að bora áður, en hrundi sífellt saman. Krónan, sem við höfum, er svo slitin, að hún vann ekki á steypunni, en við höfum ekki neina óslitna borkrónu, en gátum sett niður rafil af gróftenntri krónu, sem vann á steypunni. Síðan var skarkað á hrundi niður í 14,0 m. Við komum steypunni niður í 12,50 og notuðum glervökva til að herða hana.

Þriðjudagur 22. september

Borað var niður á 17,0 m dýpi með 2" demantskrónu.

Úr kaflanum 15,0 til 17,0 m kom kjarni, 0,65 m. Hann er úr blágrýti. Jarðlagið er bólstraberg, dökkt basalt, sem er sprungið en mjög hart. Steypan var fremur léleg, en holan hékk opin í 15,0 m. Síðan gekk borinn mjög hægt niður í 17,0 m. Borað var hægt, til að láta ekki borsköftin slást í holuveggina. Þegar við tókum upp borinn, kom hrundi í holuna

í 14,0 m. Við steiptum í holuna úr 1/2 þoka af sementi með heitu vatni og glervökva.

Miðvikudagur 23. september

Borað var niður á 18,30 m dýpi með 2" demantskrónu. Úr bilinu 17,0 til 17,30 kom 0,12 m kjarni og frá 17,30 til 18,30 kom ca. 0,10 m kjarni, báðir úr dökku basalti. Borinn gekk mjög hægt en jafnt úr 17,0 í 18,30. Krónan er alitin, svo hún er hætt að rýma fyrir kjarnarörinu og sífellt eru að festast í henni molar úr berginu, sem er mjög hart og ísprungið basalt.

Fimmtudagur 24. september

Borað var niður á 23,20 m dýpi með 2" demantskrónu. Úr bilinu ~~18,30~~ 18,30 til 23,20 kom 0,35 langur kjarni úr blágryti, en nokkuð af kjarna hefur tapast úr kjarnarörinu, þegar borinn var tekinn upp. Tekið var sýnishorn af sandi úr 1-9 m dýpi og 20-23 m dýpi. Skipt var um krónu og var borað með nýlegum demanti í dag. Við urðum að fræsa holuna út frá 14-18,30, síðan var borað stanzlaust í 23,20. Frá 18,50 í 23,20 gekk borinn misjafnt niður, stundum hratt 10-15 cm, en mjög hægt á milli. Kjarninn vildi festast í krónunni. Þegar tekið var upp, var borinn svo fastur, að við urðum að bora upp með vatninu á og mistum þá eitthvað af kjarnanum niður. Hér lauk holi VIII.

Hola IX

Mánudagur 14. september

Borun var undirbúin, steipt niður fóðurrör o.þ.h.

Þriðjudagur 15. september

Borað var niður á 1,60 m dýpi. Borað var með 3" demantskrónu.. Hraunið var þétt fyrst, ca. 25 cm niður, svo gótótt niður í 90 cm, en þar tók við þétt hraun niður í 1,60 m.

Miðvikudagur 16. september

Borað var niður á 5,80 m dýpi með 3" demantskrónu. Úr kaflanum 1,60 í 2,90 kom kjarni 1,20 m á lengd úr blábróttu hrauni. Úr kaflanum 2,90 í 4,60 kom 1,60 m langur kjarni, sem var blábróttur efst, en smáþéttist, þegar niður dæð. Úr kaflanum 4,60 í 5,80 kom 1,20 m kjarni úr þéttu hrauni. Holan lekur öllu vatni.

Fimmtudagur 17. september

Borað var niður á 7,40 m dýpi með 2" demantskrónu. Úr kaflanum 5,80 í 6,70 kom kjarni 0,70 m úr þéttu hrauni, blábrulitlu. Úr 6,70 í 7,40 kom 0,40 m kjarni úr þéttu hrauni. Borun í dag gekk mjög illa vegna þess hve mótorinn er óþéttur.

Föstudagur 18. september

Ekkert var borað í dag vegna bilunar.

Laugardagur 19. september

Ekkert borað í dag vegna bilunar.

Sunnudagur 20. september

Borun lá niðri í dag vegna bilunar.

Mánudagur 21. september

Borubum niður á 9,50 m dýpi með 2" demantskrónu.

Úr kaflanum 7,40 til 9,50 kom kjarni 0,75 á lengd úr þéttu blöðrulausu hrauni. Borun í holunni gekk mjög illa. Er hún sennilega orðin skökk. Það þarf ekki að hafa komið til af örðu, en að moli hafi verið í kúkk 3" holunni, þegar byrjað var með 2" og að mjörre rörið hafi þá leitað til hliðar.

Þriðjudagur 22. september

Í dag var byrjað að bora með 3" vegna þess að 2" holan var skökk. Borað var með 3" niður á 6,0 m dýpi í dag. Kjarni kom upp sem hér segir: Úr bilinu 1,60 í 2,75 kom 1,26 m langur kjarni úr blöðróttu hrauni. Úr bilinu 2,75 til 3,65 kom 0,68 m langur kjarni úr blöðróttu, heillegu hrauni. Úr bilinu 3,65 til 4,40 kom 0,65 m langur kjarni úr blöðróttu, heillegu hrauni. Úr bilinu 4,40 í 6,0 m kom 1,42 m langur kjarni úr þéttu hrauni. Hrun er í holunni í 4,40 m, sennilega ofan að úr holunni. Steypt var í dag í holuna úr 2 pokum af sementi. Miðvikudagur 23

Miðvikudagur 23. september.

Borað var í 9,80 m dýpi með 3" demantskrónu.

Á bilinu frá 6,0 m í 9,80 er hraunið mjög þétt í sér. Kjarni var sem hér segir: Á bilinu 6,0 m í 6,60 0,25 m úr þéttu hrauni. Úr bilinu 6,60 í 8,0 m 0,60 m, mjög þétt hraun.

Fimmtudagur 24. september

Borað var niður á 13,20 m dýpi með 3" demantskrónu.

Úr bilinu 9,80 til 11,20 kom 1,68 m langur kjarni úr mjög þéttu hrauni. Úr bilinu 11,20 í 13,20 kom 1,47 m langur kjarni úr mjög þéttu hrauni, nema neðstu 25 cm af honum voru úr blöðróttu og sprungnu hrauni, enda ~~xxx~~ voru hraunaskil í 12,10 m niður í 13,20 m, en þá harðnaði aftur. Hrun var lítið í holuna á hraunaskilunum, og ábyggilega enginn sandur. Steypt var í holuna úr 2 pokum af sementi. Ekki virðast vera nein stór göt í holunni.

**Föstudagur 25. september**

Borað var niður í 13,70 m dýpi með 3" demantskrónu.  
Jarðlag frá 13,20 í 13,70 er gótótt hraun, blábrótt.  
Steypt var í holuna úr 2 pokum af sementi.

**Laugardagur 26. september**

Borað var niður í 20,15 m dýpi með 2" demantskrónu.  
Úr bilinu 13,7 í 17,10 m dýpi kom kjarni að lengd 1,68 m og úr bilinu 17,10 til 20,15 kom kjarni að lengd 1,45 m.  
Kjarnarnir eru úr blábróttu hrauni og sprungulitlu. Blábrunnar í kjarnanum eru smáar.

**Sunnudagur 27. september**

Borað var niður í 23,20 m dýpi með 2" demantskrónu.  
Enginn kjarni kom upp. Borinn gekk mjög hægt niður, sérstaklega síðasta hálfu fetið, en þá hefur bor nn verið brotinn þá heyrðist hins vegar ekki á gangi vélarinnar. Það bætnaði skrufgangur á milli kjarnarörs og millistykkis.

**Mánudagur 28. september**

Borað var niður í 24,20 m dýpi með 2" krónu.  
Úr bilinu 23,20 í 24,20 kom 0,34 m langur kjarni úr þéttu, blábrulitlu hrauni.

**Þriðjudagur 29. september**

Borun lá niðri í dag.

**Miðvikudagur 30. september**

Borað var niður í 29,0 m dýpi með 2" krónu.  
Úr bilinu 24,20 í 29,0 m kom upp kjarni 2,14 m á lengd úr mjög þéttu hrauni. Borinn gekk mjög hægt niður, eitthvað nálægt 30 cm á klukkustund.

**Fimmtudagur 1. október**

Borað var niður á 35,40 m dýpi. Borað var með 2" demantskrónu.

Úr bilinu 29,0 í 35,40 kom kjarni 2,80 m. Það var þétt hraun niður í 31,75 m, þar skipti snögglega um jarðlag og gekk mjög hratt niður í 34,80, þar skipti um aftur og gekk hægt í 35,40. Holan stóð uppi í 34,80. Sennilega er þéttur leir sem millilag, því að borinn át sig niður án þess að hann snerist. Vatnskrafturinn hefur grafið hann niður. Vatn stendur í holunni í dýpi 32,60.

**Föstudagur 2. október**

Borað var niður í 36,0 m dýpi. Fyrst með 2" en síðan með 1" demantskrónu.

Borinn gekk mjög hægt niður frá 35,40 í 36,70, en þá brotnaði hann og var farið með 1" kjarnarörið niður með hinu rörinu, en þar lítur út fyrir að vera nóg pláss. Þar kom kjarni upp í 1" rörinu, það var hraun, gótótt og sprungið.

Laugardagur 3. október

Í dag ekki borað en mált var í holunni og leitsað að vatni. Holan er þurr í 34,50. Móbrunn leir kom upp á rörinu, sem við mældum með. Reynt var hvað eftir annað og alltaf kom upp sami móbrúni liturinn og leirinn.

Sunnudagur 4. október

Ekki var borað í dag.

Mánudagur 5. október

Borun lá einnig niðri í dag.

Þriðjudagur 6. október

Borað var niður í 20,0 m. Verið var að víkka holuna í 3" úr 2". Kjarni var mjög líftill og brotinn, enda er til kjarni úr holunni niður í 32 m. Holan var víkkuð vegna þess að 2" kjarnarör er ekki til.

Miðvikudagur 7. október.

Borað var niður í 25,0 m dýpi með 3" demantskrónu. Borunin gekk hægt niður. Kjarni, sem upp kom, var þéttur og heillegur.

Fimmtudagur 8. október

Borað var niður í 31,0 m. Kjarninn í dag var þéttur og blöðrulftill, eitlöttur með mjög safum blöðrum en þennig er allt hraun númer 2. Borun gekk hægt en jafnt.

Föstudagur 9. október

Borað var niður á 35,0 m dýpi með 3" demantskrónu. Borun í dag frá 31,0 m í 31,70 gekk mjög hægt, en í 31,70 breytti um og upp kom svarbrunn sandsteinn, grúfur, og nær sandurinn niður í 32,50 til 33,0 m. Það eru ekki greinileg skil. Eftir það gekk borun hræðar niður og upp kom fyrst grár leir, svo brunleitur leir og hraunhröngl, en í 34,50 byrjaði hraun aftur mjög blöðrött, sem náði niður í 35,0 m. Úr bilinu 34,50 í 35,0 m kom upp 0,28 m langur kjarni úr blöðróttu hrauni.

Þriðjudagur 13. október

Ekki var borað í dag.

Miðvikudagur 14. október

Borunin lá einnig niðri í dag.

Fimmtudagur 15. október

Borað var niður á 40,90 m dýpi með 3" demantskrónu. Úr bilinu 35,0 m í 36,45 kom upp kjarni, 0,89 m á lengd úr blöðróttu og sprungnu hrauni. Af bilinu 36,45 í 38,70 kom upp 1,95 m langur kjarni, úr blöðróttu hrauni, nema neðstu 30 cm voru orónir blöðrulausir. Steypa í holunni var 2 m, en það var úr 4 pokum af sementi. Holan lekur öllu því vatni, sem dælt er niður.



Föstudagur 16. október

Borað var niður á 44,0 m dýpi. Borað var með 3" demantskrönu.

Úr bilinu 38,70 í 41,50 kom upp 2,23 m langur kjarni úr sprungnu og stórbliðróttu hrauni og er riðlitur í sumum sprungunum. Ljóseltirnir eru mjög þéttir og stórir. Úr bilinu 41,50 í 44,0 m kom upp 1,50 m langur kjarni úr sprungnu og eitlöttu hrauni. Vatnsborðið í holunni í dag var í dýpi 36,50 m.

Hér lauk holu IX.

### Hola X

Laugardagur 17. október

Borað var niður á 3,60 m dýpi. Kjarni kom upp, 1,40 m á lengd úr bliðróttu en heillegu hrauni.

Sunnudagur 18. október

Borað var niður á 9,0 m dýpi. Úr bilinu 3,60 til 5,70 kom upp kjarni 1,65 m langur, úr hrauni með stórum bliðrum. Hraunið er sprungið. Úr bilinu 5,70 til 7,40 kom upp kjarni 0,67 m úr bliðrulausu en mjög sprungnu hrauni. Úr síðastu færunni, 7,40 til 9,0 m var óhíft í kvöld.

Mánudagur 19. október.

Borað var niður á 15,30 m dýpi. Úr bilinu 9,0 m til 11,45 metrar kom upp kjarni 1,73 m úr þéttu bliðrulausu hrauni. Úr bilinu 11,45 m til 15,30 m kom upp kjarni, 1,70 einnig úr þéttu hrauni nema neðstu 18 cm, sem voru mjög bliðróttir. Hraunskil eru í 13,0 m dýpi. Borinn gekk niður eins og um hröngl væri að ræða og eyður og gót á milli. En það lítur út fyrir, að aftur sé orðið þétt í 15,0 m dýpi. Holan hrundi saman í 13,0 m dýpi. Steypt var í holuna úr 2 pokum af sementi.

Þriðjudagur 20. október

Borað var niður í 15,60 m dýpi. Hrun kom í holuna, þegar kom í 13,30 m. Borað var niður í gegnum hrundið og niður í fast, ca. 60 cm, en holan stóð í 15 m. Steypt var í holuna úr 2 pokum af sementi. Kjarninn úr bilinu 15,30 í 15,60 er úr bliðróttu hrauni.

Miðvikudagur 21. október

Steypan er að harðna í holunni. Ekki borað í dag.

Fimmtudagur 22. október

Borað var niður á 17,0 m dýpi. Fyrst var borað steypa og borinn bilaði kl. 12 og tók tíma að koma honum í lag. Sennilega er sandur á bilinu 14,0 til 15,0 m, og sandur var í holunni, þegar við tókum upp, og festist kjarnarörið, og urðum að bora upp. Steyptum í holuna úr tveim pokum af sementi.

Föstudagur 23. október

Steypan var látin hárna fram að hádegi, en þá var byrjað að bora. Borað var niður í 19,30 m dýpi. Kjarninn er þéttur en sprunginn, efstu tveir molarnir voru hrun innan úr holuveggjunum. Þeir eru mjög blöðrottir.

Laugardagur 24. október

Borað var niður á 25,0 m dýpi.

Af bilinu 19,30 til 20,60 kom 1 m langur kjarni úr sprungnu, blöðrutlitlu hrauni. Það er bæði með löðréttum og láréttum sprungum. Úr bilinu 20,60 til 22,45 kom 2 m langur kjarni úr þéttu hrauni en sprungnu. Úr kaflanum 22,45 til 25,0 kom 2,14 m langur kjarni úr þéttu hrauni, algerlega blöðrulausu, en sprungið skáhallt, stuðlasprungur.

Sunnudagur 25. október

Borað var niður í 28,55 m dýpi.

Af bilinu 25,0 m til 27,0 m kom 2 m langur kjarni úr mjög þéttu hrauni með skáhallum sprungum. Hraunaskil eru í 27,40 m dýpi. Borað var vatnslaut og náð upp leir í kjarnarörið. Það er rauðleitur leir með vikureitlum. Þorinn gekk hratt frá 27,70 niður í 28,15, en þá hægði hann á sér aftur, en gekk hægt í 28,55. Kjarni úr blöðrottu hrauni kom upp. Steypt var í holuna úr 1 poka af sementi. Vatn stendur í holunni í 22,30 m dýpi.

Mánudagur 26. október

Ekki var unnið við borun í dag.

Þriðjudagur 27. október

Ekki var borað í dag heldur. Það var ekki hægt að ná í vatn sökum íss í Tungnað.

Miðvikudagur 28. október

Ekki borað í dag vegna veðurs.

Fimmtudagur 29. október

Borað var niður í 34,65 m dýpi. Úr kaflanum 25,60 til 28,55 m kom eingöngu steypukjarni. Úr kaflanum 28,55 í 30,60 kom 2,0 m langur kjarni úr blöðrottum, stórdfloðu hrauni. Úr kaflanum 30,60 til 33,10 kom 2 m langur kjarni. Efst í kjarnanum voru stórar blöðrur, en neðri hlutinn var mjög þétt og blöðrulaust hraun. Úr kaflanum 33,10 í 34,65 kom mjög þéttur kjarni með skáhallum sprungum 1,70 m á lengd. Hann er með stórum blöðrum, en mjög strjálum.

Föstudagur 30. október

Borað var niður í 39,0 m dýpi.

Úr kaflanum 34,65 í 36,70 kom 2,06 m langur kjarni úr þéttu hrauni, sem sprungið er skáhallt. Hann er með stórum blöðrum en gisið á milli þeirra. Úr kaflanum 36,70 til 39,0 m kom kjarni 1,28 m. Efri partur hans var þéttur og blöðrutíll, en síðustu 28,0 cm mjög blöðrottir. Breyting varð á

í dýpi 38,50. Borinn gekk þá mjög hratt niður í 39,0 m, en fyrstu 30 cm var eins og um leir væri að ræða, en svo eins og að kámi í möl. Borinn var mjög fastur enda boruðum við vatnslaust. En kjarninn kom enginn upp úr því lausa lagi, en rauðleitur leir kom upp, fastur í vatnsraufunum á demantinum. Steypt var í holuna úr 1 þoka af sementi. Vatn í holunni stendur í 25,30 m.

Laugardagur 31. október

Borun lá niðri í dag.

Sunnudagur 1. nóvember

Borun lá einnig niðri í dag.

Mánudagur 2. nóvember

Einnig var hlé á í dag. Það var vegna veðurs.

Þriðjudagur 3. nóvember

Ekkert hægt að bora í dag fyrir ísreki og frosti.

Miðvikudagur 4. nóvember

Borann var settur niður. Í 31,0 m dýpi byrjaði steypan. Borinn fór niður úr steypunni í 38,30. Híft var í 38,50. Upp komu 5 molar af kjarna, en það lítur út fyrir, að enginn þeirra sé úr hrauni. Allir eru smáblöðrottir, eitlalausir og allir með rauðan leir utan á sér. Borað var áfram niður í 40,70. Borinn gekk mjög hratt niður eins og um leir væri að ræða. Var borað vatnslaust. Upp kom sambland af rauðum og gráum sandi. Enn var borað áfram niður og niður í 44,10 m. Gekk borinn mjög hratt niður og alveg viðstöðulaust, en þegar átti að hífa, var borinn fastur því dalan lyfti ekki sandinum upp.

Fimmtudagur 5. nóvember

Farið var niður að holu með öfugamínar stangir og dóra og farið var að fiska upp borsköft. Fyrst náðum við fjórum stöngum og síðan sex stykkjum, en þá voru eftir fjögur stykki og nokkrum þeirra tókst að ná upp, en að lokum var eftir kjarnarörið, svo að settur var niður 1" bor og reynt að fara fram hjá því, en það tókst alls ekki hvernig sem það var reynt. Var nú hætt við holuna og haldið til byggða og lýkur þar með skýrslunni.